


# Menningarmiðstöð Hornafjarðar

## Ársskýrsla 2018



Eyrún Helga Ævarsdóttir  
Forstöðumaður  
Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



## Efnisyfirlit

1.	Menningarmálanefnd .....	2
	Fyrrum nefndarmenn:.....	2
	Fyrrum varamenn :.....	2
2.	Kosningar og ný nefnd .....	3
	Nefndarmenn:.....	3
	Varamenn:.....	3
3.	Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins .....	4
4.	Stefnumótun Mennignarmiðstöðvarinnar.....	4
	Stefnumótun:.....	4
	<b>Verk í forgangi:</b> .....	4
	Framkvæmdaráætlun: .....	5
5.	Söfnunarstefna.....	5
6.	Styrkir til menningarstarfs.....	6
7.	Úthlutunarreglur .....	7
	8.1 Reglur um úthlutun styrkja Menningarmálanefndar eru eftirfarandi .....	7
8.	Byggðasafn .....	8
	8.1 Skráning og föst störf Byggðasafnsins.....	8
	8.2 Námskeið og fundir .....	9
	8.3 Verkefni.....	9
	8.4 Miðlun .....	10
	8.5 Tölvumál.....	10
	8.6 Starfsemi innann annarra safnaeininga .....	11
	8.7 Húsnæðismál.....	11
	8.8 Lokaorð .....	11
9.	Rannsóknarsvið .....	12
	9.1 Fornleifaskráning .....	12
	9.2 Sundurliðun verkefna.....	13
	Skálfell I .....	13
	Hótel Höfn Hornafirði .....	13
	Myllulækur í landi Stórulágar .....	13
	Minjakönnun vestan Austur-Fjárhúshóls, Sveitarfélagit Hornafirði .....	13
	Laxárbakki 2, Nesjum .....	13
	Smyrlabjörg, Suðursveit .....	14
	Nes – Mýrar, lagning ljósleiðara.....	14
	Minjaúttekt við Dalbraut 2, Höfn - Gistiheimilið Mjólkurstöðin .....	14

10. Listasafn .....	15
10.1 Forsaga og hlutverk.....	15
10.2 Safnkostur .....	15
10.3 Safnauki.....	15
10.4 Skráning.....	15
10.5 Sarpur.....	15
10.6 Rannsóknir .....	16
10.7 Sýningastefna .....	16
10.8 Sýningar ársins .....	17
10.9 Aðalsalur .....	17
10.9.1 Bjarni Henriksson.....	17
10.9.2 Speglun.....	17
10.9.3 Nání framtíð .....	18
10.10 Fremra rými.....	19
10.10.1 Náttúrusýn .....	19
10.10.2 Sóluteiti.....	19
10.10.3 Fuglar .....	19
10.10.4 Bragi Ársælsson.....	19
10.10.5 Hestafeldur.....	19
10.10.6 Tími jöklanna.....	20
10.11 Fastar sýningar .....	20
11.11.1 Ástustofa .....	20
11.11.2 Hornfiskir listamenn.....	20
10.12. Holt.....	20
10.12.1 Kynjamyndir .....	20
10.13. Gallerý Nýheimar .....	21
10.13.1 Bergmál hins liðna.....	21
10.13.2 Kynjamyndir. ....	21
10.14 Útgáfa.....	21
10.14.1 Vefur.....	21
10.14.2 Facebook.....	21
10.14.3 Instagram .....	22
10.14.4 Prentun .....	22
10.14.5 Miðlun.....	22
10.14.6 Fyrirletrar .....	22
10.14.7 Móttökur.....	22

10.14.8 Leiðsagnir .....	22
10.14.9 Söfnun heimilda .....	22
10.15 Önnur verkefni .....	23
10.15.1. Listamsiðjur .....	23
10.15.2. Munnþurrkur .....	23
10.15.3 Klippimyndir og vatnsmyndir .....	23
10.15.4 Grínumyndir .....	23
10.15.5 Abstrakt .....	23
10.15.6 Þekjandi listamsiðja .....	24
10.15.7 Skjótum upp fána .....	24
10.15.8 Tónleikar .....	24
10.15.9 Halldór Ásgeirsson .....	24
10.15.10 Sigurður Einarsson / Safnasafnið .....	25
10.15.11 Gallerý Nýheimar .....	25
10.15.12 Byggðsafn .....	25
10.15.13 Bókasafn .....	25
10.15.14 Héraðskjalasafn .....	25
10.15.15 Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar .....	26
10.16 Húnsnæði .....	26
10.17 Gestafjöldi .....	26
10.18 Markaðsetning og merkingar .....	26
10.19 Fundir og námskeið .....	26
10.20 Lokaorð .....	27
11. Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafelssýslu .....	28
11.1. Almenn starfsemi .....	28
11.2 Skráning .....	28
11.2 Fyrirspurnir .....	28
11.3 Húsnæði .....	29
11.4 Útgáfa .....	29
11.5 Fundir .....	29
11.6 Viðburðir .....	30
11.7 Heimsóknir, fyrirspurnir og erindi .....	31
11.7 Afhendingar .....	31
12. Bókasafn .....	32
12.1 Hlutverk .....	32
12.2 Verkefni .....	32

12.3 Starfsfólk	Ljósm.ÓS .....	32
12.4 Uppstyllingarnefnd.....		32
12.5 Miðlun .....		33
12.6 Afskráningar .....		33
12.7 Geymsla.....		33
12.8 Barnadeild .....		33
		33
13. Starfsfólk og stöður.....		33
14. Húsnæði .....		34
15. Verkefni.....		34
15.1 Aðventu og fullveldishátíð sveitarfélagsins .....		34
15.2 Bandaríksa sendiráðið – Bíosýning .....		35
15.3 Rússneska sendiráðið – Bíosýning .....		35
15.4 Föstudagshádegi .....		35
15.5 Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar .....		35
15.6 Dagur Íslenskrar Tungu .....		36
15.7 Upplýsingarskilti sveitarfélagsins .....		36
15.8 Menningarverðlaun sveitarfélagsins.....		36
15.9 Þetta vilja börnin sjá.....		37
15.9.1 Sýnendur: .....		37
16. Merki Mennignarmiðstöðvarinnar.....		37
17. Styrkir .....		38
17.1 SASS.....		38
17.2 Þjóðskjalasafn .....		38
17.3 Safnaráð .....		38
17.4 Fullveldi 1918 .....		38
Stefnumótun Mennignarmiðstöðvarinnar.....		41
Byggða og Náttúrugripasafn: .....		41
Héraðskjalasafn:.....		41
Listasafn: .....		42
Rannsóknarsvið: .....		43
Bókasafn:.....		43
Söfnunarstefna Menningamiðstöðvarinnar.....		46
1. Söfnunarflokkar.....		46
1.1 Sjávarhættir, landbúnaður og samgöngur .....		46
1.2 Heimilishald.....		46

1.3 Búskaparhættir.	46
1.4 Híbýlahættir.	47
1.5 Heimilisiðnaður.	47
1.6 Fjölskylduhættir.	47
1.7 Samgöngur.	47
1.8 Verslun og viðskipti.	47
1.9 Iðnaður til sjós og lands.	47
1.10 Félagssaga.	48
1.11. Skjalavarsla.	48
2. Söfnunaraðferðir.	48
3. Grisjun.	48
4. Móttaka gripa.	48



# Kynning

Stofnunin heitir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og starfsvæðið hennar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Stofnunin varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti hennar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafelssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Menningarmiðstöð Hornafjarðar starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Einnig starfar stofnunin eftir siðareglum og viðmiðum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna.

Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex safnaeiningar ásamt rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar. Safneiningarnar eru byggða-, sjóminja-, náttúrugripa-, lista-, bóka og héraðsskjalasafn. Byggðasafnsvörður fer með umsjón yfir náttúrugripa- og sjóaminjasafninu. Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex stöðugildi, fimm þeirra eru 100% stöður og innan Listasafnsins er 50% staða.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu, og hér leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og því samfélagi sem er og var. Í dag er opin sýning í Skreiðarskemmunni og verbúð í Miklagarði, og stefnt er á opnum heildstæðara safns þar sem menning undir jöklinum verður í brennidepli.

Menningarmiðstöðin leggur mesta áherslu á miðlun og fræðslu menningararfs Hornafjarðar, skrásetningu hans og varðveislu til framtíðar. Einnig verður æ ríkari áhersla lögð á rannsóknarstarf og ekki síst miðlun þess starfs til almennings sem og þáttöku barna og unglings á þeim vettvangi. Önnur meginmarkmið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðarsafna er að hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélagini og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins. Efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum að gerðum. Menningarmiðstöð Hornafjarðar stendur einnig fyrir barnastarfi á sumrin, þar sem boðið er upp á styttri ferðir um svæðið þar sem krakkar fá tækifæri til þess að kynnast nærumhverfi sínu á nýjan hátt. Einnig hefur verið lestrarátak á bókasafninu sem kallast sumarlestur þar sem krakkar eru hvattir til þess að lesa yfir sumarmánuðina, svo eru veitt hvatningarverðlaun að hausti. Einnig er á bókasafninu barnahorn fyrir yngstu kynslóðina, og hvetjum við foreldra eindregið til þess að koma með börnunum á bókasafnið.

## **1. Menningarmálanefnd**

Menningarmálanefnd Hornafjarðar sem er stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar var skipuð eftirfarandi fulltúum árið 2017:

### **Fyrrum nefndarmenn:**

- Kristín Guðrún Gestsdóttir formaður
- Björk Pálsdóttir varaformaður
- Magnús S. Jónasson
- Erla Rún Guðmundsdóttir
- Kristján S. Guðnason

### **Fyrrum varamenn :**

- Svava K. Guðmundsdóttir
- Karl Jóhann Guðmundsdóttir
- Hrafnhildur Magnúsdóttir
- Gunnhildur Imsland
- Sunna Dögg Guðmundsdóttir
- Sigrún B. Steinarsdóttir
- Hafdís L. Sigurðardóttir

Með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar fer og Menningarmálanefnd Hornafjarðar. Hana skipa 5 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Skipar bæjarstjórn Hornafjarðar þá alla til fjögurra ára í senn, án tilnefningar. Bæjarstjórnin tilgreinir jafnframt hver skal vera formaður nefndarinnar og hver varaformaður. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Bæjarstjórnin setur menningarmálanefnd erindisbréf. Að jafnaði skulu haldnir fundir mánaðarlega í nefndinni og skulu þeir boðaðir öllum aðalmönnum með hæfilegum fyrirvara. Rétt til setu á nefndarfundum hefur einnig forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og aðrir þeir sem formaður ákveður hverju sinni.

**Þakkar Menningarmiðstöðin frjótt og gott samstarf með fyrrum nefndarmönnum og óskar þeim alls hins besta.**

## **2. Kosningar og ný nefnd**

Í ár voru haldnar sveitastjórnarkostningar og tók Framsóknarflokkurinn við stjórn af Sjálfstæðisflokknum og var Matthildur Ásmundardóttir ráðin bæjarstjóri sveitarfélagsins. Við þau stjórnarskipti tók ný nefnd við stjórn Menningarmiðstöðvarinnar og fer hún með stjórn hennar næstu 4 ár.

### **Nefndarmenn:**

- Kristján Sigurður Guðnason, formaður (B)
- Hólmfríður Þrúðmarsdóttir varaformaður (B)
- Guðrún Sigfinnsdóttir (B)
- Guðbjörg Lára Sigurðardóttir (D)
- Sigrún Sigurgeirs dóttir (E)

### **Varamenn:**

- Steinunn Hödd Harðardóttir (B)
- Nejra Mesetovic (B)
- Björn Arnarson (B)
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir (D)
- Samir Mesetovic (E)

### **3. Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins**

Menningarmálaneftnd hélt 11 fundi á árinu og starfaði einnig með öðrum nefndum í samvinnuverkefnum. Menningarmálaneftnd lauk við stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins árið 2016 og gildir hún til ársins 2026 í henni er eftirfarandi er lagt til grundvallar:

- Að efla menningarstarf í sveitarféluginu Hornafirði.
- Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga.
- Bjóða upp á fyrirmynðaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.
- Hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar.
- Hvetja til samstarfs á sviði menningarmála.
- Styðja við starfsemi listamanna í sveitarféluginu.
- Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins.
- Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins.
- Vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið
- Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokkns og Sveitarfélaga á Suðurlandi.
- Félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf.

### **4. Stefnumótun Mennignarmiðstöðvarinnar**

Helstu markmið stefnumótunar Menningarmiðstöðvarinnar eru unnin úr skýrslum sem koma er í viðauka I

#### **Stefnumótun:**

- Sýningaraðstaða, tryggja framtíðar húsnæði Byggðasafns.
- Geymslur, afhending Álaleiru, aðstaða lögð og nýtt til sýninga.
- Forvarsla á gripum/verkum Mennigarmiðstöðvarinnar
- Sarpur (skráning) Auka aðgengi að safnakosti Menningarmiðstöðvar á netinu.
- Bæta við starfsprósentu á menningarmiðstöðinni, 100% starfshlutfall.
- Aðstaða skjalasafnsins lögð.
- Merkja Svavarssafn.
- Persónuvernd og skjalavistun útfærð.
- Starf héraðsskjalavarðar leiðrétt.
- Öryggismál yfirfarin og öryggisstöðlum fylgt.

#### **Verk í forgangi:**

- Sýningaraðstaða, tryggja framtíðarhúsnæði Byggðasafns.
- Geymslur, afhending Álaleiru, aðstaða lögð.
- Forvarsla á gripum/verkum Mennigarmiðstöðvarinnar.
- Starf héraðsskjalavarðar leiðrétt.

## Framkvæmdaráætlun:

- Geymslur Menningarmiðstöðvarinnar séu komnar í varanlegt horf eigi síðar en september 2019 og unnið sé jafnt og þétt við uppbyggingu þar til.
- Að gripir Menningarmiðstöðvarinnar séu komnir í jafnvægi og í varanlega geymslu eigi síðar en desember 2022.
- Fyrsti hluti Miklagarðs verði lokið eigi síðar en maí 2020.
- Verk listasafnsins forvarin 2018-2022.
- Ráðning starfsmanns sem aðstoðar á bókasafni og tilfallandi störf við skráningu muna og annara verkefna. 100% hlutfall 2019
- Kaupa þarf fleiri hillur, borð og skúffur fyrir Héraðskjalasafnið 2019-2022.
- Merkja Svavarssafn 2019.

## 5. Söfnunarstefna

Í ár var unnin söfnunar og sýningarstefna safna Menningarmiðstöðvarinnar þar sem farið er yfir hvað skal varveita og aðferðir við söfnun móttakagripa og grisjum safnkosts. Skýrsluna má sjá í viðauka II. Söfnunarstefnu þarf að gera reglulega til að stefna safnsins sé skýr. Fylgja þarf stefnunni því þótt að söfnin eigi að halda utan um menningarárf og munaflóru viðkomandi byggða og héraða er útilokað að þau geti geymt allt úr öllum flokkum safnmuna og því verður að afmarka söfnunina. Söfnun úr öðrum flokkum getur verið nauðsynleg í undantekningartilvikum, eftir því sem rannsóknir og/eða sýningar krefjast, annars er bent á önnur söfn. [\*í tilfelli Menningarmiðstöðvarinnar er um vísinda- og björgunarleiðangra að ræða sem sérstaða í ákveðnum tilfellum]

Megin söfnunarflokkar Menningarmiðstöðvarinnar eru þrír: undirflokkar þeirra eru sem hér segir:

Sjávarhættir

Landbúnaður

Samgöngur

Skjalavarsla

Samgöngumáti til sjós og vatna, strönd  
Veiðarfæri og aðrir gripir er tilheyra  
sjávarútvegi og vinnslu í landi

Búskapur  
Heimilishald  
Híbýlahættir  
Heimilisiðnaður  
Fjölskylduhættir

Reiðtygi,  
klyfjareiðskapur,  
sleðar, skíði og skautar og allir gripir sem tengjast ferðalögum á landi  
fyrir véla- og bílaöld, fótgangandi og á hestum\*

Skjöl, pappírar og bækur. Útgefið efni, ljósmyndir, filmur og kvíkmyndað efni.  
Efni sem fellur undir skjalavörslu sveitarfélagsins.

Í viðauka II má sjá skýrsluna í í heild sinni.

## 6. Styrkir til menningarstarfs

Úthlutun styrkja frá Bæjarstjórn fór fram 22.2.2018 í Nýheimum Var fjöldinn allur af gestum viðstaddir. Menningarmálanefnd lagði til eftirfarandi ráðstöfun á þeim 2.600.000 kr. sem hún hafði til ráðstöfunar til umsækjanda og var það staðfest.

- Blús og rokkkúbbur Hornafjarðar 245.000 kr.
- Gleðigjafar 245.000 kr.
- Hornfirska Skemtifélagið 245.000 kr.
- Karlakórinn Jökull 245.000 kr.
- Kvennakór Hornafjarðar 245.000 kr.
- Leikfélag Hornafjarðar 245.000 kr.
- Lúðrasveit Hornafjarðar 150.000 kr
- Samkór Hornafjarðar 245.000 kr.
- Krakkahólar 150.000 kr.
- Barnastarf Hafnarkirkju 100.000 kr.

Frekari upplýsingar um fjárhag má sjá í Viðauka V.



## 7. Úthlutunarreglur

Úthlutunarreglur Menningarmálanefndar voru samþykktar 09.11.2017 og verður unnið þeim við úthlutun Styrkja Menningarmálanefndar hér eftir þar til annað er ákveðið.

### 8.1 Reglur um úthlutun styrkja Menningarmálanefndar eru eftirfarandi

1. Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.
2. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem vistað er á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is> undir stjórnsýsla. Henni skulu fylgja ársreikningar félagasamtaka og kostnaðaráætlun verkefnis.
3. Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar.
4. Verkefnastyrkir eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.
5. Menningarmálanefnd lítur sérstaklega til þeirra sem sýna í umsókn sinni fram á að um verkefni er að ræða sem ekki hefur komið til framkvæmda áður í sýslunni.
6. Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.
7. Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.

Menningarstyrkir voru veittir 22. Febrúar við húsfylli í Nýheimum. Alls voru 23 styrkir veittir á viðburðinum, en voru það styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, sem og styrkir út atvinnu- og rannsóknarsjóði.

Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri setti viðburðinn greindi hann frá mikilvægi þess að bjóða bæjarbúum upp á hátíðarviðburð þegar menningarverðlaun, umhverfisviðurkenningar og styrkir sveitarfélagsins eru afhentir. Viðburðurinn minnir okkur á hversu fjölbreytt og mikil gróska menningar og frumkvöðla er í samfélagini okkar.

Kristín Gestsdóttir afhenti menningarverðlaun. Í hennar máli kom fram, að menningin er allt sem á sér stað á milli manna í samfélagini okkar. Við búum okkur til okkar menningu.


Menningin eru líka samskipti okkar og það sem við gerum á hverjum degi. Menning er það sem við gerum og þau áhrif sem við höfum á aðra með því að framkvæma.

Fjórtán voru tilnefndir til menningarverðlauna árið 2017, sagði Kristín að tilnefningin segir þeim sem eru tilnefndir að þeir hafa áhrif á aðra með því að vinna að því sem þeir gera, sýna og framkvæma. Áhrifin eru augljós og smita menningu okkar nýrri hugsun. Var það Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði sem hlaut verðlaunin að þessu sinni. Hann hefur fengist við ljósmyndun og kvíkmyndagerð í um þrjá áratugi samhliða fræðistörfum. Hann hefur verið duglegur við að birta myndir og fjalla um fegurð landsins og fjarðarins. Myndir sem laða að gesti til okkar sem langar að upplifa fegurðina. Þorvarður var með sýningu á Nýtorgi sem stóð frá apríl fram í september. Og einnig tók hann myndir sem sýndar eru í Jökulheimum í Hoffelli og var sýningin opnuð í apríl s.l. Þessar sýningar voru í tengslum við ráðstefnuna Jöklar í bókmenntun, listum og lífinu.

## 8. Byggðasafn

### 8.1 Skráning og föst störf Byggðasafnsins

Af föstum störfum Byggðasafnsins er helst að segja frá því að lítið fór fyrir skráningu árið 2018, en einungis voru skráðir tólf gripir í Byggðasafnið og 7 í náttúrugripasafnið. Einhver tími fór þó í skipulag á vinnu og verkefnum Byggðasafnsins, reynt var að taka til í geymslum safnsins. Safnvörður Byggðasafnsins er heppin með að eiga gott samband við fyrrverandi safnvörð, Björn Arnarson, og hefur oft verið hægt að leita til hans, með upplýsingar um gripi og meðhöndlun vandmeðfarinna gripa, einnig hefur hann komið með í Álaleiru og veitt



upplýsingar um sérstaka gripi. Unnið var að forvörlu, sem hófst á upplýsingasöfnun, þar sem safnvörður Byggðasafnsins er ekki menntaður forvörður. Reynt var að hreinsa þá fugla sem hafa verið til sýnis í Skreiðarskemmuni síðustu ár, en þeir eru mjög illa farnir og hefðbundnar leiðir til að þrífa uppstoppaða fugla dugðu skammt. Þessir fuglar fá að vera eitthvað lengur til sýnis í Skreiðarskemmuni, en líklegast verður að farga þeim, þegar þeir geta ekki lengur þjónað sínum tilgangi þar.

Ljósmynd: Ó.Sog HJ

Sýningar safnsins í Verbúð og Skreiðarskemmu voru opnar frá 9-19 í júní, júlí og ágúst, utan þess tíma eru sýningarnar opnaðar eftir samkomulagi, og liggja lyklar af þeim í Gömlubúð hjá Vatnajökulsþjóðgarði og var talað um að hafa sýningarnar opnar á góðviðrisdögum í haust og vetur. Einnig má nefna að til sýnis í Gömlubúð eru 29 lánsgripir frá Byggðasafninu.

Árið 2018 hófst gerð grófrar geymsluskrár fyrir geymsluna að Álaleiru 1, þ.e. að safnvörður er langt kominn með skrá um hvaða gripir eru geymdir í húsnæðinu og hvar þeir eru staðsettir þar. Þetta mun auðvelda alla leit í framhaldi, en þess má geta að nokkrir dagar árið 2018 fóru í það að leita í geymslunni að gripum, þegar fyrirspurnir bárust að utan frá aðilum sem vissu um gripi sem höfðu verið til á safninu og vildu frekari upplýsingar um þá.

Að lokum má nefna að talsverður tími safnvarðar fór í vinnu á Öryggisskýrslu Safnaráðs, en nú þegar hún hefur verið unnin, ætti þetta að ganga betur næst þar sem allar teikningar og frekari upplýsingar um húsnæði Byggðasafnsins eru komin á hreint. Einnig er hafin vinna um öryggishandbók fyrir safnið, þar sem verður að finna upplýsingar um hvernig skal bregðast við í neyðartilvikum.

## 8.2 Námskeið og fundir

Það fór minna fyrir námskeiðum hjá safnverði árið 2018 heldur en árið 2017. En af fundum má nefna að sú nýjung hefur verið tekin upp á Menningarmiðstöðinni að hafa starfsmannafundi á hverjum föstudagi, þar sem staðan er tekin á núverandi verkefnum og komandi viðburðum. Einnig var safnvörðurinn í rannsóknarteymi Nýheimra, en teymið fundaði nokkrum sinnum á fyrstu mánuðum ársins, þar sem unnið var að hugmyndum um rannsóknir sem Nýheimar og stofnanir Nýheimra gætu farið í, sem kæmu samfélagini á Höfn til góða.

Fastir liðir í fundastarfi og ráðstefnum voru að sjálfsögðu Vorfundur þjóðminjasafnsins sem haldinn er í Reykjavík á vormánuðum hvert ár og Farskóli safnamanna sem að þessu sinni var haldinn í Dublin, Írlandi.

Af stökum fundum og ráðstefnum, má nefna að safnvörður var fengin til að taka þátt í tilraunarkennslustund, hjá FAS, undir formerkjum ADVENT verkefnisins sem skólinn hefur verið að taka þátt í síðustu misserin. Ráðstefna var haldin um ævintýraferðaþjónustu í Nýheimum, og fékk safnvörður að sitja hana, enda safnastarf og miðlun menningararfsins nátengt ferðaþjónustunni. Að lokum töku gildi í vor ný persónuverndarlög og fór því tími í að undirbúa þau og fræðast um hvaða áhrif þau hefðu á starf Menningarmiðstöðvarinnar og hvernig best væri að breyta verlagsreglum til þess að fylgja þeim eftir.

## 8.3 Verkefni

Af styttri tímabundnum verkefnum árið 2018 er helst að nefna skiltaverkefnið, en talsvert meiri vinna fór í það heldur en áætlað var þar sem textinn sem var fenginn úr þýðingu og profarkalestri uppfyllti alls ekki þau skilyrði sem við setjum okkur um útgefið efni. Því hafa safnverðir Byggðasafns og Listasafns þurft að lesa aftur yfir öll skiltin og jafnvel þýða sum þeirra alveg upp á nýtt. En þessu verkefni lýkur árið 2019, steinar eru komnir upp svo þegar búið verður að lesa yfir síðustu þrjú skiltin verða þau send í prentun og hægt verður að setja þau upp á næstu misserum. Annað verkefni sem unnið var fyrir styrk var Safnakassaverkefnið, en þar tók Byggðasafnið saman hluti, bæði safngripi og eftirgerðir safngripa ásamt fróðleik, sem settir voru í kassa sem hægt væri að fara með í heimsókn til skólanna, á meðan staðan á Byggðasafninu er sú að ekkert eiginlegt safnahús stendur opið, sem grunnskólanemendur gætu heimsótt til þess að fræðast um sögu svæðisins.

Á liðnu ári var klárað að skrifa upp viðtal sem tekið var við Gísla Arason og Björn Arnarson, fyrrverandi safnverði, í geymslugum safnsins að Álaleiru sumarið 2017, þar kom fram mikill fróðleikur sem óneitanlega á eftir að nýtast safninu í framtíðinni. Einnig var reynt að vinna að markaðssetningu fyrir Menningarmiðstöðina, unnninn var



Ljósm. Ó.S

stuttur texti og upplýsingar veittar fyrir kort sem Vinir Vantajökuls gefa út, ásamt öðrum smáum auglýsingum sem birtar eru í Eystrahorni og á netinu.

#### 8.4 Miðlun

Til þess að standa lágmarkskröfur safnalaga um miðlun, opnaði Byggðasafnið geymslur sínar á Alþjóðlega Safnadaginn föstudaginn 18. maí. En einnig hefur safnvörður fylgt og leiðsagt hópum um sýningarnar sem standa opnar á sumrin, Skreiðarskemmuna og Verbúðina.

Einnig tók safnvörður þátt í barnastarfi í ár, var bæði safnverði Listasafns innan handar í barnastarfinu þar en fór einnig í ferð með sumarbarnastarfi Menningarmiðstöðvarinnar.

Safnvörður Byggðasafnsins tók þátt í uppsetningu 11 sýninga árið 2018. Fjórar sýningar í fremra rými Svavarssafns, það voru sýningarnar *Stjörnubokur* eftir Snævarr Guðmundsson, *Fuglar* þar sem uppstoppaðir fuglar frá Náttúrugripasafninu voru sýndir, *Með tónlistina í farteskinu* eftir Braga Ársælsson og *Studio trippin* eftir nemendur Listaháskóla Íslands. Við uppsetningu þessara sýninga tók safnvörður Byggðasafnsins þátt í að raða, hengja upp og lýsa. Ásamt því að velja fugla á sýninguna *Fuglar*, sem starfsmaður Náttúrugripasafnsins. Þrjár sýningar voru í aðalsal Listasafnsins, það var Yfirlitssýning eftir Bjarna Henriksson, *Samtal* eftir Svavar Guðnason og Áslaugu Írisi Katrínu Friðjónsdóttur og sýningin *Nán framtíð* eftir nemendur frá LHÍ. Þegar kom að uppsetningu þessara sýninga, var safnvörður í ýmsum íhlaupaverkefnum eins og að mála stöpla, hengja upp, lýsa o.fl. Listasafnið var einnig með yfirlitssýningu af verkum Sigurðar Einarssonar bæði í Holti og í Nýheimum. Safnvörður Byggðasafnsins vann ásamt safnverði Listasafns við uppsetningu beggja sýninga.

Sú nýjung var prófuð á árinu að prófa að setja upp vefsýningu á sarpi. En postulínsgrípirnir sem voru til sýnis í Listasafni Svavars Guðnasonar að hausti 2017, voru settir saman á vefsýninguna, sem inniheldur ljósmyndir af gripunum, lýsingar þeirra og sýningartexta. Vefsýninguna má sjá í hlekk hér að neðan.

(<http://sarpur.is/Syning.aspx?ID=651&page=0&pageSize=192>)

#### 8.5 Tölvumál

Safnvörðurinn, hefur sinnt allskonar tölvumálum fyrir Menningarmiðstöðina á árinu. Þar má nefna, komið að vinnu við uppsetningu á nýrri síðu Menningarmiðstöðvarinnar, og kennt öðrum starfsmönnum á téða síðu. Einnig kom hún að því að koma nýjum tölvum í gagnið í byrjun árs, og tengingu á nýjum skjáum o.fl. fyrir aðrar starfsstöðvar MMH. Talsverður tími fór í að reyna að koma prenturum í lag á Bókasafninu, en eftir að kerfin voru uppfærð í Windows 10, hefur verið eitthvað sambandsleysi við kvittanaprentarann, sem er ekki enn komið í lag. Með haustinu hófust föstudagshádegi aftur, og verður safnvörður Byggðasafnsins oftast að vera tiltækur til þess að allt gangi fyrir sér eins og það á að vera, en kerfið á Nýtorgi, virkar ekki alltaf eins skyldi.

Einnig hefur Safnvörðurinn komið að því að setja inn nokkrar fréttir á hornafjordur.is, t.d. þegar umsjónarmaður vefsins er ekki við.

## 8.6 Starfsemi innann annarra safnaeininga

Að auki má nefna að þó nokkrir dagar á árinu fóru í afleysingar á Bókasafninu, einhverjum tíma var varið í leit að ljósmyndum, í ljósmyndagrunni Skjalasafnsins t.d. þegar Héraðsskjalavörður var í sumarfríi. Talsverður tími fór í Sögustund bókasafnsins. En einnig var tekið þátt í að skipuleggja sameiginlega viðburði innan MMH eins og jólastundina, öskudaginn o.fl. Einnig er rétt að nefna hér Sigurð Einarsson, en safnvörður Byggðasafnsins, hjálpaði safnverði Listasafnsins að taka verk hans 300 að tölu, úr römmum og pakka inn svo hægt væri að færa þau úr geymslu Byggðasafnsins að Álaleiru, og afhenda þau Safnasafninu í Eyjafirði.

## 8.7 Húsnæðismál

Nú lítur út fyrir að Byggðasafnið fái loksins annan hluta af Álaleiru 1 og stækka geymslurnar umtalsvert við það. Mikil búbót verður þegar vinnuaðstaðan verður orðin tilbúin þar, en betur má ef duga skal, og væri óskandi að Byggðasafnið gæti fengið viðunandi sýningarhúsnæði þar sem hægt væri að vera með fasta grunnsýningu og jafnvel aðra sýningu sem hægt væri að skipta út, svo heimamenn gætu alltaf séð eitthvað nýtt þegar komið væri á Byggðasafnið. Þar væri þá líka hægt að hafa safnið opið allann ársins hring.

## 8.8 Lokaorð

Hér að ofan hefur verið stiklað á stóru um verkefni Byggðasafnsins á nýliðnu ári. Eins og sést hefur stórlega vantað upp á safnvörður hafi tíma til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem skildi, og liggar því næst við að benda á að kannski væri vel hægt að réttlæta aukið starfshlutfall á Byggðasafninu, til þess að hægt væri að framfylgja lágmarkskröfum safnalaga um starfsemi viðurkenndra safna en í téðum lögum kemur fram að „Söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun.“ Áætlað er að fara í stórt skráningarverkefni í byrjun 2019 og hefur verið ráðinn starfsmaður fyrir styrk frá Safnaráði til að taka þátt í því starfi, en ljóst er að þegar við fáum stærra rými í Álaleiru, þurfum við líka fleiri hendur, og ég tala nú ekki um ef við fengjum húsnæði til sýningarhalds, en rétt er að benda á að nú nýlega hefur Skinney Þinganes tilkynnt að stefnt er á að ráðast í lagfæringu á húsunum sem standa hjá Skreiðarskemmunni og líklega verða þau til leigu eftir það, spurning hvort það væri ekki tilvalið sem safnahús? Einnig má benda á að 2/3 hlutar hússins sem stendur við Hafnarbraut 16, er til sölu, þetta hús var kallað Garður og var fyrsta steinsteypta húsið á Höfn, væri það ekki tilvalið undir sýningu Byggðasafnsins?

## 9. Rannsóknarsvið

### 9.1 Fornleifaskráning

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 kveða á um að skráning fornleifa skal fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða framkvæmdaleyfi veitt. Á árinu 2018 var unnið að 7 verkefnum fyrir skipulagssvið sveitarfélagsins er öll varða skráningu minja innan deiliskipulagsreita samkvæmt skipulagstillögum. Jafnmargar beiðnir bárust frá skipulagsstjóra frá janúar til desember en engin útistandandi verkefni fyrir skipulagssviðið lágu fyrir á áramótum 2017-2018. Fjöldi skýrslna sem skilað var til skipulagssviðs SVH og Minjastofnunar Íslands eru því samtals 7 ásamt viðeigandi gagnasafni úr landupplýsingakerfi (gis-gögn). Í skipulagsverkefnum ársins voru samtals 18 fornminjar skráðar og hnittsettar, þar af 16 mældar upp nákvæmlega með Trimble GeoXH gps alstöð. Einu verkefni tóks ekki að ljúka fyrir árslok. Auk vettvangsferða var unnið jafnhliða að heimildaöflun fyrir hvert fyrirliggjandi verkefni.

Skráning á minjum tveggja eyðijarða á Mýrum hófst á vormánuðum á árinu. Það eru Oddi, sem byggður var út úr Flateyjarlandi á fyrri hluta 19. aldar en búskap lauk þar árið 1907 og Heinaberg sem fór í eyði 1934. Bærinn stóð upphaflega vestast í Heinabergsnesi en vegna ágangs Heinabergsvatna á bæjartúnin var hann færður upp að Heinabergsfellinu um 1890. Vinnu við skráningu þessara jarða mun halda áfram á komandi ári.

Í júní og júlí voru farnar tvær vettvangsferðir í Papafjörð í Lóni og gögnum safnað fyrir skráningu á jarðlægum minjum í Papós-kaupstað í landi Syðri-Fjarðar. Papós varð löggiltur verslunarstaður 1863, sá fyrsti í sýslunni og þar var rekin verslun í hartnær 40 ár er Ottó Tulinius flutti hana til Hornafjarðar 1897. Skráningu minja í landi Syðri-Fjarðar mun halda áfram á árinu 2019 og stefnt er að heildarskrá hina fornu heimajörð Fjörð, eins og jörðin er skilgreind í jarðatali Johnsens frá 1847.

Heildarskráningu fyrir jarðirnar Fell í Suðursveit og Meðalfell í Nesjum tókst ekki að ljúka á árinu eins og stefnt var að, en skráning minja innan þeirra jarða hófst 2015. Stefnt er að halda skráningu þessara jarða áfram á nýju ári.

Deiliskráning í landi Suðurhúsa í Borgarhöfn hófst í mars 2017, samtals hafa 19 fornminjar verið mældar upp. Skráningu er ekki lokið en stefnt er að heildarskrá hina fornu jörð Borgarhöfn á komandi árum.

Í samstarfi við skipulagssvið sveitarfélagsins var tekið saman yfirlit um stöðu skráningar á jarðföustum minjum í sveitum Austur-Skaftafellssýslu. Skráning er hafin í öllum sveitum, þ.e. 4 jarðir af 9 í Öræfum eru hlutaskráðar og ein þeirra langt komin í heildarskráningu en tvær jarðir hafa verið fullskráðar af öðrum aðila. Í Suðursveit eru 6 af 15 jörðum skráðar að hluta, aðallega vegna deiliskipulags og 3 á Mýrum en þar er heildarskráning tveggja eyðijarða hafin. Í Nesjum hefur deiliskráning verið gerð á hluta sex jarða og ein jörð fullskráð. Hluti fjögurra jarða í Lóni er skráður, þrjár deiliskráningar en ein jörð er í fullnaðarskráningu.

Samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjörður eru nokkur svæði innan þess skilgreind sem seglar í ferðaþjónustu. Eitt þeirra er í vestanverðum Öræfum og í ljósi aðstæðna þar vegna óvissuástands í Öræfajökli og yfirvofandi náttúrvár hefur verið ákveðið að leggja áherslu á að ljúka skráningu á sem flestum jörðum í Öræfum á næstu misserum.

Samhliða minjaskráningu hefur rannsóknarsvið sinnt aðstoð við ýmiss verkefni á árinu sem heyra undir aðrar deildir stofnunarinnar, s.s. bókasafn, listasafn og barnastarf Menningarmiðstövar að sumri.

## 9.2 Sundurliðun verkefna

### Skálfell I

Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á bæjarhlaði Skálafells I. Jörðin er ein af mörgum landnámsjörðum sýslunnar samkvæmt Landnámabók en Úlfur vorski bjó fyrstur manna að Skálafelli. Farið var á vettvang 9. og 27. febrúar 2018 og 4 ha landsvæði tekið út samkvæmt staðli Minjastofnunar Íslands. 15 síðna lokakýrslu og gögnum úr landupplýsingakerfi var skilað til skipulagssviðs og Minjastofnunar sem umsagnaraðila í mars 2018. Innan úttektarsvæðisins voru skráðar 7 minjar, þar af voru þrjár misgamlar tóftir mældar upp nákvæmlega með gps tæki. Ein af ofangreindum minjum voru metnar í hættu vegna framkvæmda.

### Hótel Höfn Hornafirði

Minjakönnun vegna deiliskipulags á lóðinni Víkurbraut 20. Lóðin er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa frá 1929 og fram yfir miðja 20. öld. Áður tilheyrði landsvæðið jörðinni Hafnarnesi. Vettvangsvinna fór fram í mars 2018 og skýrsluskil í sama mánuði. Engar þekktar né sjáanlegar fornminjar eru innan skipulagsreitsins.

### Myllulækur í landi Stórulágar

Deiliskráning vegna tjaldsvæðis innan frístundabyggðar við Myllulæk í Nesjum. Hér er um nýtt deiliskipulag að ræða sem með samþykkt fellir úr gildi áður samþykktu skipulagi frá 1994. Fornleifaskráning hafði ekki verið gerð á sínum tíma. Úttektarsvæðið er rúmlega 11 ha að stærð og vegna umfangs verkefnis voru farnar tvær vettvangsferðir til skráningar, 22. mars og 12. apríl. Lagt var upp með að engar þekktar minjar væru innan úttektarsvæðisins en a.m.k. þrjár þekktar minjar eru við mörk þess og rétt utan þess. Þær minjar sem skráðar og uppmældar voru eru: tóftir við Sel sunnan frístundabyggðarinnar, leifar af mylluhúsi er stóð áður við Myllulækinn norður undir þjóðvegi 1 og brot af gömlum túngardí sem liggur til norðvesturs frá nyrstu mörkum frístundabyggðar. Í 11 síðna lokaskýrslu dags. í apríl 2018, var metið svo að engar af ofangreindum minjum væru í hættu vegna framkvæmda.

### Minjakönnun vestan Austur-Fjárhúshóls, Sveitarfélaginu Hornafirði

Minjakönnun á vestasta hluta nýrrar mótorcross-brautar við Flóðhóla vestan Fjárhúsvíkur, við svonefnda Flatahól og Bjarndýrshól. Áður hafði fornleifaskráning farið fram í lok árs 2016 á eystri hluta skipulagssvæðisins. Vettvangsvinna fór fram í mars ásamt skýrsluskilum, engar jarðlægar minjar fundust né vitnisburður um slíkt.

### Laxárbakki 2, Nesjum

Minjakönnun við Móhól í landi Akurness. Móhóll rís lágt rétt sunnan þjóðvegar 1 við austurbakka Laxár, ofarlega í fyrrum beitilandi Árnaness í Hornafirði. Áður fyrr var mótekja í landi Árnaness og finna má ummerki eftir hana ásamt seinni tíma jarðrækt við hólinn, eins og örnefnið gefur til kynna. Vettvangur, um 1800 fm<sup>2</sup> lóð var tekinn út í júlí og 8 síðna skýrslu skilað. Alls voru skráðar og uppmældar 3 minjar innan úttektarsvæðisins

## Smyrlabjörg, Suðursveit

Í ágúst 2018 var gerð afmörkuð minjakönnun á ræktuðu túni rétt norðan við núverandi hótelbyggingu á Smyrlabjörgum. Engar vísbendingar eru um að þar hafi mannvirki staðið eða sjáanleg ummerki um aðrar minjar. Minnisblað var sent byggingfulltrúa sveitarfélagsins með niðurstöðu úttektar.

## Nes – Mýrar, lagning ljósleiðara

Á haustmánuðum fór fram vettvangsvinna í tengslum við úttekt á minjum innan áhrifasvæðis á lagnastæði ljósleiðara á Mýrum og í Nesjum. Verkefnið var í höndum Fornleifarannsókna Völu Garðarsdóttur og var hlutur rannsóknarsviðs að mæla upp nokkrar minjar í landi 5 jarða, þ.e. tóft í landi Hólms á Mýrum, garðbrot í landi Miðskers, bæjarstæði eyðibýlis í landi Bjarnaness og túngarður í landi Dilksness í Nesjum. Einnig garðbrot í fyrrum landi Hafnarness. Skýrsla var unnin af verktaka.

## Minjaúttekt við Dalbraut 2, Höfn - Gistiheimilið Mjólkurstöðin

Úttekt vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni. Á lóðinni stendur bygging sem reist var á árunum 1971-1973 fyrir mjólkurstöð Kaupfélags Austur-Skaftellinga. Mjólkurvinnsla var starfsrækt í stöðinni í rúma two áratugi. Lóðin Dalbraut 2 er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa, áður land jarðarinnar Hafnarness. Vettvangsvinna fór fram í lok árs 2018 og skýrslu skilað í ársþyrjun 2019. Engar fornminjar eru innan áhrifasvæðis framkvæmda.



*Bæjarrústir Heinabergs undir Heinabergsfelli á Mýrum. Jörðin er talin með elstu jörðum Mýrarsveitar og stóð bærinn í upphafi vestast í Heinabergsnesi. Um 1890 var bærinn fluttur upp undir fellið vegna ágangs Heinabergsvatna á heimatúnin. Búið var að Heinabergi fram til 1934.*

*Ljósm. SGB, 2018.*



*Frá Papóskaupstað í Lóni, fyrsta verslunarstað Austur-Skaftafellssýslu. Þar var rekin verslun frá 1861 til 1897 en búsetu lauk í Papós 1899.*

*Ljósm. SGB, 2018.*

## 10. Listasafn

### 10.1 Forsaga og hlutverk

Listasafn Svavars Guðnasonar er í eigu Sveitarfélagsins Hornafjörður og heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Heimili þess er á Hornafirði og er staðsett í Ráðhúsi Hornafjarðar. Listasafnið opnaði við hátíðlega athöfn föstudaginn 24. júní 2011 og var opnumarsýningin á verkum Svavars Guðnasonar, en sveitarfélagið hafði þá nýverið fengið verk Svavars að gjöf frá ekkju hans, Ástu Eiríksdóttur.

Listasafnið safnar listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftfellska list. Safnið vinnur að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum stofnunum Sveitarfélagsins Hornafjarðar auk þess að efna til sérstakra sýninga - en safnið stendur fyrir sýningum á verkum úr safneign og sýningum frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum í sölum safnsins og öðrum rýmum bæjarfélagsins.

### 10.2 Safnkostur

Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns Svavars Guðnasonar samanstendur að mestu af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfirska málara. Safnaukinn 2018 samanstóð af 35 verkum og er safneignin nú orðin um 550.

### 10.3 Safnauki

Fjöldi verka bættist við safneignina á árinu eða samtals 35 verk. 28 verk eftir listamanninn Sigurð Einarsson bættust í safnið en safnið á nú 31 verk eftir Sigurð. Guðrún Úlfhildur Grímsdsóttir gaf safninu myndskreitt bréf Höskuldar Björnssonar listmálara til föður síns Ragnars Ásgeirssonar og börn Guðmundar Jónssonar og Sigrúnar Eiríksdóttur gáfu málverk af Jóni Eiríkssyni málaða af Höskuldi Björnssyni. Safninu barst svo annað málverk eftir Höskuld Björnsson er hékk áður fyrr í Nesjaskóla. Eitt nýtt málverk eftir Bjarna Henriksson var skráð, en Skaftfellingafélagið í Reykjavík gaf verk er áður hafði verið gjöf frá Hornarfjarðarhreppi til félagsins á 40 ára afmæli þeirra árið 1980. Þóra Hlöðversdóttir gaf skólaverkefni frá skóla- og samkomuhúsi Lónmannna af húsinu sjálfu gerða af Gunnari Sigurðssyni frá Krosslandi.

### 10.4 Skráning

Safnið vinnur með skráningarforritið FileMaker. Jafnframt eru verskráð í excel-skjal og handskrifuð í skráningararbók. Í fyrra hófst skráning á verkum eftir Bjarna Henriksson og hélt sú vinna áfram í ár. Um 110 myndir eftir Bjarna hafa verið skráðar. Á dagskrá er að hefja skráningu á verkum Höskuldar Björnssonar.

### 10.5 Sarpur

Á árinu hefur verið til umræðu að færa skráningu safnsins yfir á Sarpinn, en Menningarmiðstöðin borgar fyrir aðgang þar nú þegar. Með því að fara á Sarpinn er hægt að yfirfara safnkostinn, ljósmynda verk upp á nýtt, en nauðsynlegt er að uppfæra ljósmyndir í skráningu. Á Sarpnum er alltaf hægt að nálgast safneignina á netinu og gætu því bæjarbúar flett í gegnum hana og séð menningararf okkar. Í dag er safnskráin ekki opin almenningi.

## 10.6 Rannsóknir

Listasafnið skilaði skýrslu viðurkenndra safna til safnaráðs, en samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 er safnaráði falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna. Safnið gerði ítarlega úttekt á húsakosti safnsins, bæði geymslug og sýningarrýmum, varðveislu verka og öryggismálum, skráningu verka, aðgengi að safnkosti og sýningum. Safnvörður fylgist öllu jafna með safnkosti með það að leiðarsljósi að hamla gegn hrörnun verka og kemur beim í viðgerð ef nauðsyn ber til. Safnið býður eftir skýrslu Safnaráðs með niðurstöðum og tillögum um úrbætur.

## 10.7 Sýningastefna

Safnið vinnur að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum opinberum stofnunum og skrifstofum sveitarfélagsins, auk þess að efna til sérstakra sýninga í aðalsal safnsins, sem og fremra rými þess. Safnið stendur fyrir sýningum á verkum úr safneign og sýningum frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum.

Í aðalsal Svavarssafns er gert er ráð fyrir því að yfir sumartímann sé Svavarssýning þar sem draga þarf fram ólíka þætti í list Svavars, ólík skeið og ekki síður þá hugmyndavinnu sem lá að baki hverju skeiði. Yfir haustmánuðina eru settar upp fræðslusýningar, bæði fyrir almenning, en ekki síður grunn- og framhaldskóla á svæðinu. Á vorin er athyglinni beint að heimabyggð og listamönnum svæðisins.



Ljósþ.

## 10.8 Sýningar ársins

Sýningahald er viðamikill liður í starfsemi safnsins. Listasafnið hefur fast sýningarármi í Listasafni Svavars Guðnasonar en setti einnig upp tímabundnar sýningar í öðrum rýmum bæjarfélagsins. Settar voru upp 3 sýningar í aðalsal listasafnsins, 5 í fremra rými safnsins, 2 í Gallery Nýheimum og 1 í félagsheimil Mýramanna, Holti. Alls setti safnið því upp 11 sýningar árið 2018. Föst sýning er í Ástustofu og í Ráðhúsi Hornafjarðar.

- 22. Janúar : Bjarni Henriksson - Yfirlitssýning / Aðalsalur
- 15. Febrúar : Snævarr Guðmundsson - Náttúrusýn / Fremra rými
- 09. Maí : Fuglar - Verk úr safneign / Fremra rými
- 18. Maí : Svavar Guðnason og Áslaug Íris Katrín - Speglun / Aðalsalur
- 29. Júní : Bragi Ársælsson - Með tónlistina í farteskinu / Fremra rými
- 29. Júní : Jónína Brunnan - Bergmál hins liðna / Gallery Nýheimar
- 20. September : Nání Framtíð / Aðalsalur
- 20. September : Hestafeldur - Studio Trippin / Fremra rými
- 21. September : Sigurður Einarsson - Kynjamynndir / Holt
- 01. Desember : Sigurður Einarsson - Kynjamynndir / Gallery Nýheimar
- 16. Desember : Tími Jöklanna / Fremra rými

## 10.9 Aðalsalur

### 10.9.1 Bjarni Henriksson


Þann 22. janúar opnaði yfirlitssýning á verkum Bjarna Henrikssonar (1927 - 1989). Bjarni var lærður málarameistari, lagði dúka, teppi og flíesar auk þess sem hann límdi veggfóður og sinnti vel áhugamáli sínu sem var listmálun. Sagt var að snemma hafi borið á listhneigð hjá honum og stundaði hann listnám, meðal annars í Myndlistar-og handíðaskólanum. Listhneigð hans fékk að njóta sín við dagleg störf þar sem hann valdi liti á híbýli fólks af mikilli aluð og málaði mynstur og myndir sem voru einkennandi fyrir hann beint á veggi utanhúss sem innan heima hjá fólk og í fyrirtækjum. Einnig kom fyrir að hann málaði og skreytti húsgögn og innanstokksmuni. Auk þess fékk Bjarni mikið lof fyrir leikmyndir sem hann málaði. Bjarni var tilraunagjarn í myndum sínum og flakkar á milli margra stíla. Sumir þeirra eru afgerandi og sýna mikinn persónuleika svo að þeir sem á horfa efast ekki um hver höfundur verksins er. Skráning á verkum Bassa hefur staðið yfir í um tvö ár og er henni ekki lokið. Tæplega hundrað áhugaverðar myndir og hlutir hafa komið í ljós fram að þessu auk þess sem safnið á nokkuð af myndum. Sýningin stóð til 12. maí. Sýningastjóri var Hanna Dís Whitehead.

### 10.9.2 Speglun

Þann 18. maí opnaði sýningin *Speglun* þar sem verk tveggja listamanna, Áslaugar Írísar Katrínar Friðjónsdóttur (f.1981), og Svavars Guðnasonar (1909-1988) kölluðust á, en þau eiga það sameiginlegt að vinna með óhlutbundið myndmál hvor á sinni öldinni. Það hefur verið sagt um list Svavars að það sem einkenni myndir hans sé að allur myndflöturinn sé lifandi hvert sem augað leitar. Hjá Áslaugu Írisi lifna við fletir sem áður höfðu enga merkingu í augum fólks, t.d. steypubrot, línoleumdúkur og filtteppi. Verkin á sýningunni Speglun áttu í lifandi

samtali þar sem alþjóðlegt tungumál efnis, forma, lita og myndbyggingar er í öndvegi. Þau sýndu að abstraktlistin er jafn lifandi í dag      Ljósm.þ.þ  
og hún var fyrir rúnum sjö áratugum þar sem listamaðurinn kjarnar inntakið með úthugsuðum formum, - hann skapar heim. Sýningin var styrkt af SASS, Safnaráði og 100 ára fullveldi Íslands og stóð hún til 15.

september. Sýningarstjóri var Hanna Dís Whitehead.



Ljósm.þ.þ

#### 10.9.3 Náið framtíð

Þann 20. September opnaði sýningin *Náið Framtíð* - samstarfsverkefni 8 nemenda frá vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, en sýninguna hönnuðu þau undir leiðsögn Tinnu Gunnarsdóttur og Friðriks Steins Friðrikssonar. Viðfangsefnið var íslenski hesturinn, en útfrá rannsóknarvinnu sinni unnu nemendur óræðan heim í tíma og rúmi þar sem hesturinn er kominn í borgarumhverfið eftir að hafa veri úthýst þaðan hægt og bítandi með tilkomu bílsins. Í slíku samfélagi þar sem hestur og maður búa í meiri nálægð hvor við annan skapast aðstæður fyrir stundir sem snúa ekki bara að líkamlegum þörfum heldur einnig andlegum. Náið samlífið býr til sterkari tengsl og breytir hegðun okkar. Sýningin stendur til 18. janúar 2019.

Sýningarstjóri var Þórgunnur Þórðóttir.



Ljósm.þ.þ

## 10.10 Fremra rými.

### 10.10.1 Náttúrusýn

Þann 15. febrúar opnaði sýningin *Náttúrusýn* þar sem kynntar voru ljósmyndir af nokkrum geimþokum, ljósmynduðum frá Íslandi. Til þess að öðlast dýpri sýn á stjörnuhiminninn eru teknar myndir af daufum geimþokum, torséðum eða ósýnilegum í sjónskoðun. Ljósi þeirra er safnað á myndir með löngum myndatökum. Í sumar myndirnar á sýningunni hefur ljósi verið safnað með 30 mínumáta tökum í 12-24 klukkustundir. Höfundurinn er Snævarr Guðmundsson en hann hefur verið einlægur stjörnuathugandi í 30 ár. Hann hefur notað meira en 1200 nætur til athugana á stjarnfyrirbærum. Á þeim tíma hefur hann sinnt ljósmyndun geimfyrirbæra og ljósmælingar á breytistjörnum og fjarrekistjörnum. Sýningin stóð til 19. apríl. Sýningarstjóri var Hanna Dís Whitehead.

### 10.10.2 Soluteiti

Eftir var til soluteitis í fremra rými safnsins þann 18. apríl á verkum Snævarrars á stjörnuþokum. Áhugasönum bauðst þar einstakt tækifæri til að skoða verkin og spjalla um þau við myndhofundinn.

### 10.10.3 Fuglar

Þann 9. maí opnaði sýningin *Fuglar*, en fuglar skipa sérstakan sess í huga þjóðarinnar, og þá sérstaklega á tímum vorboðanna þegar farfuglarnir koma um langan veg til að sinna kalli náttúrunnar í hinu bjarta norræna sumri. Í tilefni þess að margir þeirra voru komnir í sýsluna dró Svavarssafn fram úr safneign sinni fjölbreyttar fuglamyndir eftir listamennina Höskuld Björnsson (1907-1963), Sigurð Einarsson (1918-2007) og Þorstein Magnússon (1899-1976), og tefldi þeim fram með fuglum úr náttúrugripasafni sýslunnar. Sýningin var hönnuð sem fræðslusýning fyrir börn og stóð til 28. júní. Sýningarstjóri var Þórgunnur Þórssdóttir.

### 10.10.4 Bragi Ársælsson

Þann 29. júní opnaði sýningin *Með tónlistina í farteskinu* á teikningum Braga Ársælssonar (1950 - 2002) af tónlistarstjörnum sjöunda áratugarins. Á þeim tímum opnuðust gluggar heimsins smám saman upp á gátt fyrir Íslendingum og ný og djörf tónlist fór að heyrast á landinu. Hugfanginn af þessum nýju straumum sem voru að skjóta rótum á Íslandi hefur ungingurinn Bragi tekið upp pennann og teiknað átrúnaðargoðin, en myndirnar teiknaði hann 15 - 19 ára gamall. Bragi lauk grunnskóla á Höfn og var síðan tvo vetrur í Héraðsskólanum á Laugarvatni, þar sem hann tók virkan þátt í starfi skólablaðsins. Hann lauk síðar sveinsprófi í rafvirkjun frá Iðnaskólanum í Reykjavík áður en hann flutti aftur til Hafnar þar sem hann tók þátt í ýmiskonar félagsstörfum. Sýningin stóð til 13. september. Sýningarstjóri var Þórgunnur Þórssdóttir.

### 10.10.5 Hestafeldur

Þann 20. september opnaði sýningin Hestafeldur. Tveir ótamdir hönnuðir kanna nýtingarmöguleika íslenskra hrossahúða, en hrossahúðir eru vannýtt hráefni hérlendis, er þeim er oftast fargað eða þær sendar utan til frekari vinnslu. Hönnunarteymið Studio Trippin, sem samanstendur af Kristínu Karlsdóttur fatahönnuði og Valdísi Steinarsdóttur vöruhönnuði, hefur meðal annars hannað pelsa, rugguhesta, kraga og inniskó úr hrosshúðum. Þær hlutu

styrk frá Nýsköpunarsjóð fyrir verkefnið og voru síðar tilnefndar til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Sýningin stóð til 14. desember. Sýningarástjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

#### 10.10.6 Tími jöklanna

Þann 16. Desember opnaði sýningin *Tími Jöklanna* á málverkum Stefaníu Ragnarsdóttur. Stefanía hefur lengi heillast af jöklum og umgengist þá í frítíma sínum og störfum sínum sem landvörður og jöklaleiðsögunaður. Í jöklamyndum sínum skoðar hún náið hreyfingar jöklanna, sem og fjölbreyttar birtingarmyndir þeirra. Óteljandi bláir litir og form breytast í sífelli, skriðjöklar mjakast áfram undan eigin þunga og jökulhlaup brjótast fram á ógnarhraða. Með abstrakt-málverkum leitast hún við að túlka þessa ótæmandi uppsprettu forma og lita sem búa í jöklunum - og gerir um leið tilraun við að frysta tíma jöklanna á striga. Sýningin stendur til 16. febrúar 2019. Sýningarástjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.



Ljósm.P.P

#### 10.11 Fastar sýningar

##### 11.11.1 Ástustofa

Ástustofa er líttill salur inni á listasafnini þar sem sjónum er beint að list Svavars Guðnasonar og lífi þeirra Ástu, konu hans, mikilvægi hennar í listsköpun hans og sameiginlega arfleifð þeirra. Gjafir Ástu er hornsteinninn í safneign Listasafnsins og því er tilhlýðilegt að minningu hennar sé haldið á lofti í Ástustofu.

##### 10.11.2 Hornfiskir listamenn

Föst sýning í Ráðhúsi Hornafjarðar. Verk Svavars Guðnasonar eru á efstu hæð hússins. Til umræðu hefur verið að setja upp nýja sýningu í Ráðhúsinu.

#### 10.12. Holt

##### 10.12.1 Kynjamyndir

Í tilefni af því að hundrað ár voru liðin frá fæðingu listamannsins Sigurðar Einarssonar (1918 - 2007) opnaði yfirlitssýning á verkum hans, *Kynjamyndir*, þann 21. September í félagsheimili Mýramanna, Holti. Sigurður sótti myndefni sitt mest í íslenska náttúru og fígúrugerði hana með ýmsum kynjamyndum sem hann las úr landinu, jöklum þess og klettum, vatnsföllum, holtum og hólum. Foreldrar Sigurðar voru Einar Sigurðsson frá Slindurholti á Mýrum í Hornafirði og Pálína Benediktsdóttir frá Viðborðsseli, síðar Einholti, í sömu sveit. Á Mýrunum kynntist hann Sigríði Bjarnadóttur í Hólabrekku sem síðar varð eiginkona hans. Árið 1940

fluttu þau hjón á suðurlandið og sinnti Sigurður þar ýmsum störfum, búskap að Sogni í Ölfusi, sjómennsku, fiskvinnslu, og almennri verkamannavinnu. Sigurður fór að málá þegar hann var um sextugt og sinnti þeirri iðju af mikilli elju allt til hins hinsta dags. Sýningin var opin helgina 21. - 23. september og síðar eftir samkomulagi. Sýningarástjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

### 10.13. Gallerý Nýheimar

#### 10.13.1 Bergmál hins liðna

Listasafnið vann í samvinnu við Héraðskjalasafn Austur-Skaftafelssýslu að sýningunni *Bergmál hins liðna* á æviminningum, ljóðum og sögum Jónínu Guðbjargar Jónsdóttur Brunnan (1918-2006) sem opnaði 29. júní í Nýheimum og stóð til 13. september. Sýningastjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

#### 10.13.2 Kynjamyndir.



Ljósm.þ.Þ

Í tilefni af því að hundrað ár voru liðin frá fæðingu listamannsins Sigurðar Einarssonar (1918 - 2007) opnaði listasafnið sýningu á verkum hans á fullveldishátíð Sveitarfélagsins þann 1. Desember í Nýheimum. Sýningin stendur út janúar 2019. Sýningarástjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

### 10.14 Útgáfa

#### 10.14.1 Vefur

Á vef Hornafjarðar má finna viðburði á vegum listasafnsins. Á undirsíðu Hornafjarðarvefsins má finna upplýsingar um Menningarmiðstöð Hornafjarðar og þar er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemi og sögu listasafnsins. Safnið hefur óskað eftir að fá að vinna og hanna nýja heimsíðu fyrir Listasafn Svavars Guðnasonar til að stuðla að frekari markaðsetningu, heimildarsöfnun og fræðslu. Ótækt er að vera með heimasíðu Svavarssafn undir bæjarléninu þar sem það hentar afar illa upp á að markaðsetja safnið.

#### 10.14.2 Facebook

Listasafnið notar Facebook markvisst til að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til að heimsækja safnið og mæta á þá viðburði sem eru í boði hverju sinni.

Listasafnið á 157 aðráendar á facebook.

#### 10.14.3 Instagram

Í ár stofnaði safnið instagramreikninginn @svavarsafn. Reikningurinn er tengdur facebook-síðu safnsins og stuðlar að frekari miðlun og kynningu á starfsemi safnisins. Listasafnið á 115 aðdáendur á instagram.

#### 10.14.4 Prentun

Listasafnið gefur út sýningarskrár fyrir hverja sýningu sem sett er upp á vegum safnsins. Í öllum skránum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Allur texti er ávallt þýddur yfir á ensku, nema þegar markhópur er annar. Boðskort voru prentuð fyrir hverja sýningu og send í öll hús sýslunnar. Plaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningar. Safnvörður tók að sér grafík fyrir nokkrar sýningar en leggur upp úr því að vinna með mismunandi grafískum hönnuðum.

#### 10.14.5 Miðlun

Safnið og starfsemi þess eru reglulega kynnt nemendum í skólum í samráði við skólayfirvöld á Hornafirði. Í ár komu um 100 börn á safnið í skipulögðum heimsóknum.

#### 10.14.6 Fyrirlestrar

Í ár voru tveir fyrlestar um listasafnið og starfsemi þess haldnir á vegum safnsins. Annarsvegar fyrir eldri borgara í Ekrunni, Dagvist Hornafjarðar og hinn síðari fyrir Menningarmálanefnd.

#### 10.14.7 Móttökur

Aðalsalur Listasafnsins er gjarnan notaður fyrir móttökur gesta og hópa sem eru í heimsókn á svæðinu - oft á vegum Sveitarfélagsins. Safnvörður safnsins er öllu að jafna viðstaddir móttökuna og heldur þar tölu um safnið og starfsemi þess hverju sinni. Móttökur í ár voru m.a. heimsókn Karlakórs Hveragerðis til Karlakórsins Jökuls, Gestir alþjóðlega þingsins um 'Ævintýraferðaþjónustu - Nýsköpun og menntun', Gestir á hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis á Degi íslenskrar tungu og gestir á fræðslu- og umræðufundi um menntun fyrir alla.

#### 10.14.8 Leiðsagnir

Safnsvörður safnsins veitti leiðsagnir um sýningar safnsins þegar óskað var eftir því. Leiðsögn er liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna.

#### 10.14.9 Söfnun heimilda

Heimildaröflun fylgir öllum sýningum safnsins. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. æviágrip, menntun og yfirlit yfir aðrar sýningar. Öll verk á sýningum er skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni, eigandi o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Heimildarvinnu um hornfirska myndlist og myndlistarmenn er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári.

## 10.15 Önnur verkefni

### 10.15.1. Listasmiðjur

Listasmiðjur eru skipulagðar af safnverði safnsins og er tilraun til kynna fyrir börnum safnið og að þeim finnist þau vera velkomin þangað. Reynt er að láta smiðjurnar tengjast störfum Svavars Guðnasonar en einnig þeim sýningum sem standa í aðalsalnum hverju sinni. Markmið er að kynna börnum mismunandi aðferðir við listsþópun, gefa þeim tækifæri á að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Listasmiðjurnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 3-12 ára en ætlast var til að yngstu börnin mættu í fylgd með fullorðnum. Þátttaka var öllum að kostnaðarlausu.



Ljósm. MMH

### 10.15.2. Munnþurrkur

Þann 20. janúar var listasmiðja haldin og var þema hennar tengt sýningu Svavars Guðnasonar í Reykjavík sem var haldin í Haraldarbúð 1934. Í byrjun ferils hans var pappír að skornum skammti og sankaði hann því að sér munnþurrkum til að lita á. Krakkarnir fengur að lita litríkar myndir út frá bókum, nærumhverfi sínu og beint upp úr eigin hugarheimi með tússlitum á munnþurrkur. Afrakstur smiðjunar var hengdur upp í Miðbæ. Hanna Dís Whitehead leiddi smiðjuna.

### 10.15.3 Klippimyndir og vatnsmyndir

Þann 3. febrúar var föndrað í listasalnum. Þemað var klippimyndir og vatnslitir. Börnin skoðuðu listaverk Bjarna Henrikssonar sem innblástur til að blanda saman þessum tveimur aðferðum. Sýning á verkum barnanna var hengd upp í fremra rými listasafnsins. Hanna Dís Whitehead leiddi smiðjuna.

### 10.15.4 Grínumyndir

Þann 24. febrúar skoðuðu börnin svokallaðar grínumyndir Svavars Guðnasonar. Talað var um öskudaginn og búninga og bækur frá karnivali ýmissa landa voru skoðaðar. Í kjölfarið fengu börnin tíma til að skapa sínar eigin persónur, skissa þær upp og föndra litríkar grímur. Hanna Dís Whitehead leiddi smiðjuna.

### 10.15.5 Abstrakt

Þann 3. mars var listamsiðja á bókasafninu. Börnin fengu að prufa sig áfram með fljótandi málningu, abstraktlist og að mála eftir tilfinningu og tónlist. Afrakstur smiðjunnar var til sýnis í gluggum bókasafnsins. Hanna Dís Whitehead leiddi smiðjuna.

#### 10.15.6 Þekjandi listamsiðja

Þann 30. júní var listasmiðja á safninu þar sem börn hjálpuðust að við að þekja stóran myndflöt, með þekjumálningu, vaxlitum, pappír og krítum, sem síðar var skorinn út í stóran humar.

Humarinn var til sýnis í Miðbæ. Þórgunnur Þórsdóttir leiddi smiðjuna.

#### 10.15.7 Skjótum upp fána

Þann 1. desember, í tilefni 100 ára fullveldisafmæli Íslands var listasmiðja þar sem rætt var um sögu þjóðfánans og þátt hans í sjálfstæðisbaráttunni. Eldri tillögur að fánunum voru skoðaðar, sem og aðrir skemmtilegir fánar, og fengu börnin tækifæri til að búa til sína eigin fána. Afrakstur smiðjunnar var til sýnis á Bókasafninu. Þórgunnur Þórsdóttir leiddi smiðjuna.



Ljósm.ós

#### 10.15.8 Tónleikar

Árlega, á afmælisdegi Svarars Guðnasonar listamálara (18. nóvember) býður Svararsafn gestum sínum upp á tónveislu á safninu. Í ár léku Nanna og Frikki ljúfa tóna og bauð safnið upp á kaffi og rjómaköku. Viðburðurinn var opinn öllum.

#### 10.15.9 Halldór Ásgeirsson

Starfsmaður listasafnsins sér um, fyrir hönd Menningarmiðstöðvarinnar, samskipti við listamenn. Í ár kom istamaðurinn Halldór Ásgeirsson til Hornafjarðar og setti upp myndfána á valda staði bæði í Öræfunum og Suðursveit. Listviðburðurinn stóð yfir í 11 daga og var safnið honum til halds og trausts í undirbúningi og fréttatilkynningum. Halldór vinnur að sýningu sem opna á í Miklagarði í júní 2019. Þann 26. Október kom Halldór Ásgeirsson til Hornafjarðar til að ræða list sína, rannsóknir og störf á myndrænan og ljóðrænan hátt við Hornfirðinga. Þema verka hans eru oft byggð á náttúrulegum eiginleikum landsins, en Halldór vinnur nú í verkefni sem snýst um náttúrukrafta Vatnajökuls í samtali við menningu og sögu sveitar við rætur jökulsins.

**10.15.10 Sigurður Einarsson / Safnasafnið**  
Skömmu fyrir andlát sitt, árið 2004, ánafnaði listamaðurinn Sigurður Einarsson Menningarmiðstöð Hornafjarðar flestar myndir sínar. Um 350 verk hafa staðið nær óhreyfð og óskráð í geymslum Byggðarsafnsins síðan þá, en í ár tók listasafnið við verkunum, fór í gegnum þau, aflaði heimilda um listamanninn og ljósmyndaði hvert og eitt verk. Eftir samræður við forstöðumann Menningarmiðstöðvarinnar, erfingja Sigurðar, Menningarmálanefnd Hornafjarðar og bærjarstjóra var sammælst um að Sveitarfélagið Hornafjörður myndi gefa 310 verka hans á Alþýðulistasafn Íslands: Safnasafnið á Svalbarðseyri. Verk Sigurðar voru afhend Safnasafninu 10. Desember. Listasafnið hélt eftir vel völdum verkum sem sýnd voru í félagsheimil Mýramanna, Holti og Nýheimum á þessu ári.



Ljósm.ÓS

#### **10.15.11 Gallerý Nýheimar**

Safnvörður safnsins kom að stofnun Gallery Nýheima, samstarfsverkefni Framhaldsskóla Austur-Skaftafelssýslu og Menningarmiðstöðvarinnar, en nauðsynlegt þykir að á Höfn séu önnur sýningarrými en eingöngu listasafnið. Safnvörður Svavarssafns skipaði sess í þriggja manna sýningarnefnd áður en hann óskaði eftir því að forstöðumaður menningarmiðstöðvarinnar færí í nefndina í hans stað. Svavarssafn hefur gefið út að þegar komið að uppsetningu sýninga muni safnið lánað verkfæri og hjálpa til við uppsetningar.

#### **10.15.12 Byggðsafn**

Starfsmaður listasafnsins hjálpaði Safnverði Byggðarsafnsins við yfirlestur Söguskilta, um 27 talsins, sem munu fara upp víðsvegar í sveitarféluginu.

#### **10.15.13 Bókasafn**

Tekið var til í geymslu bókasafnsins og eyddi starfsmaður listasafnsins mörgum stundum við endurskipulag og uppröðun. Af og til leysir starfsmaður listasafnsins bókavörð af.

#### **10.15.14 Héraðskjalasafn.**

Listasafnið, í samvinnu við Héraðskjalsafnið, reynir að fara á nokkra mánaða fresti með gamlar ljósmyndir frá svæðinu á myndlykli á Elli- og Hjúkrunarheimilið á höfn. Safnið hefur einnig boðið aðstoð við að prenta út valdar ljósmyndir og hengja upp.

#### **10.15.15 Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar**

Á sumrin fer ávallt mikill tími í barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar - fræðsluferðir fyrir börn þar sem náttúra og umhverfi er skoðað einu sinni í viku - og tekur starfsmaður listasafnsins virkan þátt í því ásamt öðrum starfsmönnum Menningarmiðstöðvarinnar.

#### **10.16 Húnsnæði**

Listasafn Svakars Guðnasonar er í eigu Sveitarfélagsins Hornafjörður og heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Heimili þess er á Hornafirði og er staðsett í Ráðhúsi Hornafjarðar. Inngangur inn í aðalsalinn er frá Ráðhúsini en þar en einnig að finna Ástustofu. Lítinn salur er í anddyri Ráðhússins, sem er jafnframt kallað fremra rými safnsins. Listaverkageymslur safnsins eru í Ráðhúsi Hornafjarðar. Skrifstofa listasafnsins er í Nýheimum. Pökkunarrými og vinnurými er ekki til.

#### **10.17 Gestafjöldi**

Árið 2017 var settur upp nýr safngestateljari og eru tölur eftir hverja sýningu í aðalsalnum tekna niður. Í ár fjölgaði gestum, en fólk sótti til að mynda vel í vorsýningu safnsins á verkum Bjarna Henrikssonar. Mestur fjöldi gesta sækir safnið á opnum, viðburðum, móttökum og í skipulögum skólaheimsóknum.

#### **10.18 Markaðsetning og merkingar**

Ljóst er að meirihluti gesta kemur á safnið fyrir tilviljun. Það sýnir okkur að mikið svigrúm er til kynningar á safninu - en í safninu eru mörg sóknarfæri. Ekki er hægt að finna safnið á wikipedia, né öðrum síðum þar sem listasöfn landins eru tekin fyrir. Stór liður í markaðsetningu væri að safnið fengi sýna eigin heimasíðu. Í ár var safnið auglýst í bæklingi Icelandic Art Center og sumarsýning safnsins tekin fyrir.

Enginn starfsmaður vinnur á safninu sjálfu, en gestamóttaka er gífurlega mikilvægur þáttur í öllu safnastarfi. Móttaka Ráðhússins hefur tekið að sér að opna og loka safninu.

Í tvö ár hefur verið barist fyrir því að fá safnið merkt. Áfram verður unnið í því árið 2019.

#### **10.19 Fundir og námskeið**

Á árinu sótti safnvörður listasafnsins fjölmarga fundi, m.a. vorfund Listasafns Íslands sem haldinn var í apríl og fund um netbirtingu safnmunaskráa hjá Myndstef.

Safnvörður fór á námskeiðið: Listleikni: Er verkið skakkt? hjá Listasafni Reykjavíkur, en á námskeiðinu var fjallað um upphengi og varðveislu listaverka og var hugsað fyrir þá sem vilja fræðast og öðlast færni í ýmsum grunnatriðum er varða upphengi, umhirðu og varðveislu listaverk.

## 10.20 Lokaorð

Listasafn Svavars Guðnasonar heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og forstöðumaður hennar er Eyrún Helga Ævarsdóttir. Safnvörður listasafnsins, Hanna Dís Whitehead, fór í árs fæðingarorlof í mars og var Þórgunnur Þórsdóttir ráðin í hennar stað. Einn starfsmaður starfar við safnið í hálfu stöðugildi. Starfsemi safnsins var með hefðbundnum hætti árið 2018 og mörg áhugaverð verkefni unnin. Listasafnið er eina listasafnið í sínum landsfjórðungi, en næstu listasöfn eru í Hveragerði og í Eyjafirði. Safnið hefur því ýmsum skyldum að gegna í menningarlífí svæðisins, og ekki síst í samandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Hópar á vegum leikskólans, grunnskólans og framhaldskólans voru duglegir við að koma í heimsókn og nýta sér leiðsögn sýningstarstjóra. Safnið hélt úti reglugum listasmiðjum fyrir börn þar sem markmið er að kynna börnum fyrir mismunandi aðferðum við listsköpun, gefa þeim tækifæri að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Smiðjurnar voru vel sóttar. Safnið setti upp 11 sýningar á árinu og hefur safnið staðið fyrir nokkurri útgáfu í tengslum við þær sýningar. Miðlun safnsins fer einnig fram á facebook og instagram auk annarra fréttatilkynninga sem voru sendar út. Safnið hlaut styrki frá Samstökum sunnlenskra sveitarfélaga, Safnaráði og 100 ára fullveldi Íslands sem gerðu það að verkum að ýmis verkefni voru viðameiri en annars hefði verið en stærsti hluti rekstrarfjárins kemur þó frá Sveitarfélaginu Hornafirði eins og verið hefur. Svavarssafn tekur þátt í að borga myndlistarmönnum fyrir sýningarhald. Mikil umræða fór fram á árinu 2018 um gera safnskrána aðgengilega almenningi með því að færa hana inn á Sarpinn, um að fá safnið merkt og að auka starfshlutfalli en ekki þykir hægt að reka metnaðarfullt safn á einungis hálfu stöðugildi. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og í lokinn má segja frá því að hönnuð var leturgerð útfrá verki Svavars Guðnasonar í tengslum við sumarsýningu safnsins.


## 11. Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafelssýslu

Í lok árs 2018 barst þeim sveitarfélugum er reka opinber skjalasöfn skýrsla þjóðskjalasafns Íslands um starfsemi héraðsskjalasafna. Skýrslan byggir á niðurstöðum eftirlitskönnunar sem gerð var 2017 og miðast við stöðu safnsins í lok árs 2016. Niðurstöður og athugasemdir miðast við ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Héraðsskjalsafn Austur-Skaftafelssýslu kemur ekki vel út úr þessari könnun og þurfa rekstraraðilar safnsins að bregðast við og senda þjóðskjalasafni tímasetta áætlun fyrir 30. október 2019 um hvernig staðið verður að úrbótum í starfsemi safnsins.

### 11.1. Almenn starfsemi

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins er öruggum skrefum að þróast í að uppfylla alþjóðlega gæðastaðla og safnastefna þess markast fyrst og fremst af lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.

Ennþá er mikil vinna frammundan við að fara yfir skjalamál stofnanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, gera skjalavistunaráætlanir og búa til málalykla fyrir allar stofnanir og deildir ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra. Jafnframt þarf að fara yfir helstu atriði í skjalavörslu og með notkun á þessum hjálpartækjum skjalavörslunnar mun með tímanum þróast sérþekking hverrar stofnunar fyrir sig.



Ljósmynd: MMH

### 11.2 Skráning

Unnið var að skráningu skjalasafna í forritið FileMaker en talsvert af eldri safnkosti er enn óskráður. Allar afhendingar sem berast safninu eru skráðar í afhendingaskrá og unnið er að greinagerðum með öllum skjalasöfnum sem skráð eru. Eins og gefur að skilja er fljóttlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð.

### 11.2 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir um upplýsingar úr safnkostinum berast með ýmsu móti, með símtölum, tölvupósti og í heimsóknum. Því er mikilvægt að koma skráningu safnsins í lag og gera skjalaskrár þess aðgengilegar fyrir notendur safnsins. Þá vinnur safnvörður að því að koma tölfraðilegum upplýsingum um starfsemi safnsins saman á einn stað svo að auðvelt sé að halda utan um heimsóknir á safnið og erindi sem berast, hvernig þjónustu safnsins gagnvart sveitarfélaginu og stofnunum þess er háttað, sem og gagnvart almenningi. Þessar upplýsingar

gefa einnig góða mynd af því hvaða skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörsu frumrita og vísbendingar um hvaða skjöl æskilegt væri að gera aðgengileg með rafrænum hætti.

### 11.3 Húsnæði

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu er staðsett í Menningarmiðstöð Hornafjarðar í Nýheimum, Litlubrú 2, á 1. hæð. Ein lokað og læst skjalageymsla er í húsnæðinu, vinnurými skjalavarðar er í opnu rými ásamt þremur öðrum starfsmönnum MMH og hefur skjalavörður eitt skrifborð til umráða. Skjalageymsla er full en þar þarf að taka til og fjarlægja hluti sem ekki eiga að vera þar inni, frumpakka og endurpakka talsverðu magni af skjölum, bæta við hillum og koma upp skúffum fyrir kort. Þannig gæti losnað dáltíð pláss.

Fyrir um það bil ári síðan var búist við að skjalageymslan dygði næstu tvö árin eða jafnvel lengur en með nýjum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuuplysinga nr. 90/2018 sem tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018 vilja skilaskyldir aðilar koma skjölum sínum í varanlega vörsu á skjalasafn og tryggja þar með örugga vörsu skjalanna. Það má því búast við að það litla pláss sem myndast við tiltekt í skjalageymslunni fyllist fljótt.

Engin vinnuaðstaða er til að taka á móti stærri afhendingum skjala og vinnuaðstaða við pökkun og skráningu takmarkast við skrifborð skjalavarðar. Ekki er mögulegt fyrir skjalavörð að vinna með trúnaðargögn án þess að þau liggi fyrir allra augum.

Lessalur fyrir gesti safnsins er enginn og ekkert pláss til þess að gestir geti fengið að skoða skjöl inni á vinnurými Menningarmiðstöðvar. Gestir fá að setjast við borð frammi í Bókasafni með skjöl skjalasafnsins sem er alls ekki nógu gott í ljósi þess að um trúnaðargögn getur verið að ræða.

Héraðsskjalavörður veitti ráðgjöf varðandi skjalastjórnun og gerð málalykla til heimabjónustudeildar sveitarfélagsins og til Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu auk þess að svara fyrirspurnum um ýmis skjalamál félagasamtaka. Héraðsskjalavörður veitti aðstoð við heimildaleit og frágang heimildaskrár mastersnema og leitaði heimilda og ljósmynda fyrir fræðigreinar og bókaútgáfu.

### 11.4 Útgáfa

Héraðsskjalavörður hefur umsjón með útgáfu Skaftfellings en 23. árgangur ritsins kom út á þessu ári. Það var mikil vinna og tími sem fór í undirbúning útgáfunnar enda um frumraun núverandi héraðsskjalavarðar að ræða í ritstjórn og útgáfu.

### 11.5 Fundir

Héraðsskjalavörður sat fjölmarga símafundi með öðrum héraðsskjalavörðum á árinu. Í upphafi árs var settur á fót vinnuhópur sex héraðsskjalavarða með Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar sem hérðasskjalavörður Austur-Skaftafellssýslu átti sæti í. Auk þess að mæta á fundi hjá Sambandinu vegna þessarar vinnu nýtti héraðsskjalavörður tæknina og tók þátt í fundum gegnum fjarfundarbúnað og youtube útsendingar.

Héraðsskjalavörður sótti vorfund opinberra skjalasafna í Þjóðskjalasafni Íslands þann 12. maí, stóru samnorrænu ráðstefnuna XXV. Nordiske Arkivdage 2018 í Reykjavík 23.-25. maí og Farskóla safnamanna í Dublin 11. - 14. september.

Aðalfundur og ráðstefna Félags Héraðsskjalavarða var haldin á Sauðárkróki 4. - 5. október og var héraðsskjalavörður Hér.A-Skaft kosinn í stjórn félagsins. Á ráðstefnunni voru fjölmörg fræðandi erindi en það er stefna félagssins að félagar sjái að miklu leiti sjálfir um fyrirlestra og fræði kollega sína um það sem þeir hafa sérþekkingu eða góða kunnáttu á og kynni verkefni sem unnið er að.

## 11.6 Viðburðir

Á Haustþingi Þórbergsseturs 27. október lagði Hér.A-Skaft fram ljósmyndir í albúnum úr eigu Þórbergs Þórðarsonar sem gestir gátu handleikið og skoðað og skjalasafnið setti upp sýningu á einkaskjölum Jónínu Brunnan í samstarfi við Listasafn Svaravars Guðnasonar. Sýningin var opnuð á Nýheimatorgi á Humarhátið. Héraðsskjalasafnið lagði til ljósmyndir á vorsýningu Listasafns Svaravars Guðnasonar en sýnd voru verk Bjarna Henrikssonar. Að lokum má nefna lítið verkefni þar sem Hér.A-Skaft. lagði til ljósmyndir í möppur til sýningar á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði.

Aðrir viðburðir sem héraðsskjalavörður tók þátt í eru árlegt barnastarf MMH á sumrin og jólahátið á fyrstu aðventuhelgi sem að þessu sinni var einnig fullveldishátið á 1. desember. Auk þess fellur undir önnur störf héraðsskjalavarðar að aðstoða við undibúning og opnanir listasýninga í Svaravssafni. Að lokum má nefna að talsverður tími hérðasskjalavarðar fór í afleysingar á bókasafni á árinu. Í veturni stundar héraðsskjalavörður nám til viðbótardiplómu í Upplýsinga- skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagsheildum við Háskóla Íslands í fjarnámi.

Stjórn Félags Héraðsskjalavarða. Jóna  
Símonía Bjarnadóttir Héraðsskjalasafni  
Ísafjarðar, Sólborg Una Pálssdóttir  
Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Svanhildur  
Bogadóttir Borgarskjalasafni, Lára Ágústa  
Ólafsdóttir Héraðsskjalasafninu á Akureyri  
og Halldóra Jónsdóttir Héraðsskjalasafni  
Austur-Skaftafellssýslu



Ljósm. SB

## 11.7 Heimsóknir, fyrirspurnir og erindi

Nákvæm skráning á heimsóknum, fyrirspurnum og erindum sem bárust safninu misfórst á árinu og liggja nákvæmar tölur því akki fyrir að svo stöddu en unnið verður að því að taka þær saman og birta síðar.

### 11.7 Afhendingar

Á árinu 2018 voru 21 og eru samtals um 4,5 hillumetrar.

*2018/1 Kvöld í tungufelli - ljóð og lag. Þórólfur Árnason afhenti*

*2018/2 Unnur Óskarsdóttir. Ósk Sigurjónsdóttir afhenti*

*2018/3 Sveitarfélagið Hornafjörður. Bryndís Bjarnason afhenti*

*2018/4 HSSA. Bryndís Bjarnason afhenti*

*2018/5 Heimapjónustudeild. Laufey Sveinsdóttir afhenti*

*2018/6 Skólaskrifstofa. Herdís Ingólfssdóttir afhenti*

*2018/7 Guðmundur Jónsson. Ásta H. Guðmundsóttir afhenti*

*2018/8 Guðjón R. Sigurðsson. Sigurður Hannesson afhenti*

*2018/9 Ungmennfélagsrit, skólablöð, ljósmyndir. Birna Oddgeirsdóttir afhenti*

*2018/10 Vörubílstjórafélag A-Skaft. Jón Helgason. Júlia Óskarsdóttir afhenti*

*2018/11 Smyrlabjörg. Lúcia Ragnarsdóttir afhenti*

*2018/12 KASK. Héraðsskjalasafn Austfirðinga afhenti*

*2018/13 Búnaðarfélag A-Skaft. Hólmfríður Guðlaugsdóttir afhenti*

*2018/14 Dilksnes - Bréf, blöð og ljósmyndir. Hildigerður Skaftadóttir afhenti*

*2018/15 Lambleiksstaðir - landamerkjabækur, bréf. Steinþór Einarsson afhenti*

*2018/16 Harmonikkufélag Hornafjarðar. Zophonías Torfason afhenti*

*2018/17 Hali - gestabækur. Zophonías Torfason afhenti*

*2018/18 USÚ. Sigurður Óskar Jónsson afhentir*

*2018/19 Bjarnaneskirkja. Gunnar Stígur Reynisson afhenti*

*2018/20 UMF Sindri. Lárus Páll Pálsson afhenti*

*2018/21 Ingibjörg Einarsdóttir. Signý Guðmundsdóttir afhenti*

## 12. Bókasafn

### 12.1 Hlutverk

Bókasafnið starfar í samræmi við lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins skal ná til allra án tillits til aldurs, kyns kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Safninu er ekki skylt að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja. Samkvæmt stofnskrá skal Bókasafnið veita alla almenna bókasafnsþjónustu og vera miðstöð upplýsingamiðlunar og fræðslu meðal almennings og nemenda á öllum skólastigum. Bókasafnið starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

### 12.2 Verkefni

Áfram var unnið við samræmingu strikamerkjá á bókakosti safnsins.

Útlán á safninu voru 6303 eintök og er það svipaður samdráttur og var árið á undan. Sem áður er Guðrún frá Lundi vinsælasti höfundurinn.

Aðventuhátíðin fór vel fram og skreytingarnar vöktu mikla aðdáun. Jólabókakynningin féll niður vegna veðurs, var tvísvar sinnum gerð tilraun en það gekk ekki að þessu sinni og er þetta í fyrsta skipti sem kynning fellur niður.

Anna hvorn laugadag í vetrur var sögustund í barnadeildinni og mættu mörg börn og hýddu á sögur í máli og myndum.



### 12.3 Starfsfólk

Ljósmynd: ÓS

Guðný bókavörður fór í veikindaleyfi í ágústlok og var í því til áramóta, Þórður Sævar Jónsson leysti hana af og er hann enn við störf.

### 12.4 Uppstyllingarnefnd

Uppstyllingarnefnd bókasafnsins var sett á laggirnar á liðnu ári. Í byrjun hvers mánaðar eru dregnar fram bækur sem eiga eitthvað sammerkt (kápurnar samskonar á litinn, titlarnir niðurdrepandi o.s.frv) og stillt upp á stóra vagninum fyrir aftan hreindýrið. Ennfremur sendir Uppstyllingarnefndnin út tilkynningu á samfélagsmiðlum þar sem farið er ofan í saumana á uppstillingunum. Hefur þetta uppátæki vakið þónokkra kátinu.

## 12.5 Miðlun

Í sumar birti bókasafnið gamla fréttir úr Eystrahorni á facebook. Mæltist það vel fyrir. Eystrahorn er botnlaus brunnur fróðleiks og skemmtunar.

## 12.6 Afskráningar

Bókaverðir afskráðu hátt í 1600 titla á síðasta ári, mestmagnis gömul tímarit, slitin og lúin eintök og úreltar bækur, til að mynda gamlar ferðahandbækur.

## 12.7 Geymsla



Ljósmynd EHF

Bókaverðir tóku til hendinni í geymslu bókasafnsins, fleygðu afdönkuðum borðum og skrifborðsstólum, endurröðuðu í hillur og drógu bóksölувagninn fram. Stefnt er að því að búa til vinnuaðstöðu í geymslunni, þar sem hægt verður að skrá inn og plasta nýjar bækur. Færist vinnuaðstaða bókvarðar inn í geymslu kemur ásýnd afgreiðsluborðsins til með að breytast til batnaðar.

## 12.8 Barnadeild

Keyptar voru nýjar mottur og leiktjöld í barnadeildinaeinnig einnig voru keyptir bangsar og þroskaleikföng. Eins voru bókakrybburnar færðar frá glugganum og út á mitt gólf til að mynda leiksvæði fyrir börnin. Hefur þetta mælst vel fyrir og er mikið nýtt af yngstu kynslóðinni.

## 13. Starfsfólk og stöður

Í stöðu Forstöðumanns Menningarmiðstöðvarinnar, Eyrún Helga Ævarsdóttir í 100%  
Í stöðu Héraðskjalavarðar - Halldóra Jónsdóttir í 100% stöðu.  
Í stöðu Safnstjóra Svavarssafns - Hanna Dís Whitehead í 50% stöðu og Þórgunnur Þórisdóttir  
Í stöðu Byggðasafnsvarðar – Ósk Sigurjónsdóttir í 100% stöðu.  
Í stöðu Bókasafnsvarðar - Guðný Svavarsdóttir í 100% stöðu og Þórður Sævar Jónsson.  
Í stöðu á rannsóknarsviði - Sigríður Guðný Björgvinsdóttir í 100% stöðu.  
Eru stöðugildi stofnunarinnar 5 og voru 2 starfsmenn í afleysingum í ár.

## 14. Húsnæði

Aðstaða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ágæt þegar litið er til skrifstofupláss en geymsluaðstöðu er ábótavant og þá er sama í hvaða horn er litið nema á byggðasafninu. Áætluð stækkan á geymsluplássi í Álaleiru verður góð og vel þegin viðbót við geymslupláss Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Öryggis, bruna og þjófavarnarkerfi þurfa að vera uppfærð. Einnig er þörf á raka og ljósmælum fyrir geymslur safnanna. Bráð vontun er á sýningarhúsnæði fyrir sýningar Sjó-, Byggða- og Náttúrugripasafns og vontun er á geymsluplássi fyrir skjala og bókasafn sveitarfélagsins.

Keyptir hafa verið nýjir tölvuskjáir fyrir starfsmenn og ný fartölva til skráningar á byggðasafninu. Skrifstofunni var breytt borðum endurraðað. Eru starfsmenn ánægðir með breytingarnar þó svo er vontun á hljóðeinangrandi veggjum á milli borða og frekari uppfærslu á borðum starfsmanna.

## 15. Verkefni.

### 15.1 Aðventu og fullveldishátíð sveitarfélagsins

- Fullveldis og aðventuhátíð sveitarfélagsins var haldin hátíðleg í ár þann fyrsta desember og var mikið um að vera í Nýheimum. Listasýningin *Kynjamyn dir* eftir Sigurður Einarsson var opnuð.
- Verkefni FAS-nema sýnd.
- Jólaland í bókasafninu, jólaföndur, fánaföndur, kaffihús bíó, söngur og jólagleði og ekki má gleyma jólasveinunum.
- Árlega er bókasafnið skreytt hátt og lágt og jólaland sett upp þar sem börnin geta komið og lesið jólabækur og skemmt sér í nýupsettum barnahorni þar sem lestjöldum böngsum og borðum hefur verið komið fyrir. Í ár mættu tveir jólasveinar og sungu með börnunum. Ella Rabanes sagði okkur frá hefðbundnum jólum á Philippseyjum, Samkórinn söng lög og spilaði Axel Elí nemandi FAS undir er kveikt var á jólatre sveitarfélagsins.



Ljósm EHÆ

## 15.2 Bandaríkska sendiráðið – Bíosýning

Oscar Avila, upplýsinga- og menningarmálastjóri sendiráðs Bandaríkjanna fræddi kennara og nemendur um starfsemi sendiráðsins og veitti upplýsingar um störf og skóla í Ameríku. Einnig var sýnd myndin “National Parks Adventure,” eða “Þjóðgarðaævintýri” með lýsingum Robert Redford, 45 mínútna heimildarmynd sem sýnir þjóðgarða Bandaríkjanna í nýju ljósi og fer yfir söguna um hvernig hugmyndin um þjóðgarða byrjaði.

## 15.3 Rússneska sendiráðið – Bíosýning

Sjötta rússneska kvíkmyndavikan á Íslandi var haldin 13.–25. september 2018. Að henni standa Kvíkmyndaframleiðslumiðstöðin NORFEST og sendiráð Rússlands á Íslandi, eins og hefð hefur skapast fyrir. Að þessu sinni var kvíkmyndavikan tileinkuð því að Rússland og Ísland fagna því saman að 75 ár eru liðin frá því að stofnað var til stjórnmálasambands milli ríkjanna. Á dagskrá voru sjö kvíkmyndir sem eru verk framúrskarandi meistara sovéskrar og rússneskrar kvíkmyndagerðar frá mismunandi söguskeiðum. Allar kvíkmyndirnar hafa unnið til æðstu verðlauna á ýmsum rússneskum og alþjóðlegum kvíkmyndahátíðum. Kom sendiherra Rússlands á Íslandi Ambassador Anton Vsevolodovich Vasiliev og ræddi við gesti og gangandi.

## 15.4 Föstudagshádegi

Haldin voru föstudagshádegi á hverjum föstudegi seinni hluta árs með ýmsum uppákomum á árinu og voru þau vel sótt.

## 15.5 Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar



Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Í sumar var engin breyting þst á og voru farnar 10 ferðir. Ferðirnar tókust allar mjög vel og vorum við mjög heppin með veður í sumar. Börnin stóðu sig öll með prýdi og hafa greinilega áhuga á umhverfi sínu.

Ljósm EHÆ

Við skoðuðum nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley, veiðiferð í Þveit og heimsóttum Flatey og Lækjargá. Björn G. Arnarson og Steinunn Hödd Harðardóttir fóru með börnin út í Ósland og sögðu þeim frá lífríkinu og lífsháttum fugla og saman tókst þeim að gera alla mjög áhugasama. Steinunn Hödd starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs fór með okkur í ferð um þjóðgarðinn og sýndi áhugasönum börnum lífríkið í nágrenni Hoffellsjökuls. Lúruveiðin með Jóni Þorbirni var vinsæl að vanda og voru farnar 3 ferðir þann daginn. Ágætis afli var í öllum ferðunum. Óvissuferðin tókst mjög vel þar sem farið var í fundarhúsið í Lóni þar gæddu börnin sér á pylsum og svala en vegna veðurs var

ekki grillað úti eins og til stóð og var því slegið upp veislu inni. Farið var í ýmsa leiki og fengu myndlistahæfileikar barnanna að njóta sín.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ferðunum og öllum þeim sem lögðu lið. Svona starf getur ekki gengið nema með velvilja samfélagsins og hans njótum við svo sannarlega.

**Sérstakar þakkar fá:** Fallastakkur ehf., starfsmenn Flateyjar, Björn Arnarson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Jón Þorbjörn Ágústsson, Snæbjörg Guðmundsdóttir, starfsmenn Hafnarinnar og bílstjórar.

### 15.6 Dagur Íslenskrar Tungu

Var haldinn hátíðlegur á Höfn þetta árið og var samstarf við Árnastofnun og Mennta og menningarmálaráðuneitið mjög gott og fróðlegt. Einstaklega gaman var að taka á móti Menntamálaráðherra og hennar föruneyti. Þakkar Menningarmiðstöðin samstarfið á árinu og fögnum því að hafa verið fyrir valinu þetta árið.

### 15.7 Upplýsingarskilti sveitarfélagsins

Unnið var að skiltum í ár og lauk þeirri vinnu rétt fyrir áramót. Steinum komið fyrir vítt og breitt um Höfn sem undirstöðum fyrir skiltin. Fara þessi skilti yfir sögu sveitarfélagsins og mun rattleikurinn sem unnninn var í samvinnu við SASS nýta þessar upplýsingar og leiðir hann gesti og nemendur skóla í gegnum söguna.

### 15.8 Menningarverðlaun sveitarfélagsins


Árlega eru menningarverðlaun veitt og er viðburðurinn háldin í Nýheimun og skipulagður af Menningarmiðstöðinni. Alls voru 23 styrkir veittir á viðburðinum, en voru það styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, sem og styrkir út atvinnu- og rannsóknarsjóði. Fjórtán voru tilnefndir til menningarverðlauna árið 2017, sagði Kristín að tilnefningin segir þeim sem eru tilnefndir að þeir hafa áhrif á aðra með því að vinna að því sem þeir gera, sýna og framkvæma. Áhrifin eru augljós og smita menningu okkar nýrri hugsun. Var það Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði sem hlaut verðlaunin að þessu sinni. Hann hefur fengist við ljósmyndun og kvíkmyndagerð í um þrjá áratugi samhliða fræðistörfum.

## 15.9 Þetta vilja börnin sjá

Sett var upp sýningin Þetta vilja börnin sjá sem er farandsýning og var fengin að láni frá Gerðubergi og vakti hún mikla lukku meðal gesta Bókasafnsins. Á sýningunni gefur að líta myndskreytingar 14 íslenskra myndlistarmanna við samtals 17 barnabækur sem komu út á árinu 2017, ásamt bókunum sjálfum. Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar. Þarfir barna eru sérstaklega hafðar í huga við uppsetningu sýningarinnar, enda ljóst að viðfangsefni hennar er ætlað börnum frá byrjun.

### 15.9.1 Sýnendur:

- Áslaug Jónsdóttir
- Bergrún Íris Sævarsdóttir
- Brian Pilkington
- Böðvar Leós
- Ellisif Malmo Bjarnadóttir
- Freydís Kristjánsdóttir
- Halla Sólveig Þorgeirsdóttir
- Högni Sigurþórsson
- Íris Auður Jónsdóttir
- Kristín Ragna Gunnarsdóttir
- Logi Jes Kristjánsson
- Ragnheiður Gestsdóttir
- Rán Flygenring
- Sigrún Eldjárn



Ljósm. EHÆ

## 16. Merki Mennignarmiðstöðvarinnar

Mennignarmiðstöðin fékk sitt eigið Merki sem mun koma sér vel þegar gefið er út kynningarefni og auglýsingar. Merkið hefur verið notað á efni Menningarmiðstöðvarinnar síðan að það fékkst.



## **17. Styrkir**

Eftir farandi styrkir voru veittir í sýningar og störf Mennignarmiðstöðvarinnar á árinu.

### **17.1 SASS**

- Ratleikur 500.000 kr
- Afmælistónleikar Svavars Guðnasonar 150.000 kr.
- Barnastarf / listamiðja fyrir börn á Svavarssafni 150.000 kr.
- Samtal Listasýning 600.000 kr
- Safnakista 225.000 kr.

Rekstrarstyrkur: Áætlaður rekstrarstyrkur MMH á árinu var 3.600.000 samkvæmt saminingi við SASS vegna Sóknaáætlunar Suðurlands 2015-19 en til mikillar gleði þá ákvað. mennta- og menningarmálaráðuneytið í ár að hækka framlagið um 1,4 m.kr. þannig að samtals varð það 5.000.000. á yfirstandandi ári. Í viðauka má sjá undirritaðan viðauka og bréf Mennta og menningamálaráðuneitis.

Sjá í viðauka 3.

### **17.2 Þjóðskjalasafn**

- Rekstrarstyrkur 855.000 kr.

### **17.3 Safnaráð.**

- Rekstrarstyrkur skráning og tiltekt á byggðasafni : 600.000 kr.
- Verkefnastyrkur Skráning muna á Byggðasafni : 500.000 kr.
- Samtal Listasýning: 600.000 kr.

### **17.4 Fullveldi 1918**

- Samtal Listasýning 900.000 kr.

Viðauki I



## Stefnumótun Mennignarmiðstöðvarinnar

### Byggða og Náttúrugripasafn:

Vegna skorts á sýningaraðstöðu Byggðasafnsins er það helsta mál sem brennur á að fá sýningarrými fyrir muni safnsins. Best væri að þau væru fleiri enn eitt, svo hægt væri að hafa að minnsta kosti eina fasta sýningu og svo gætu verið sýningar sem skipt væri út reglulega. Mikligarður kæmi þar vel til greina, og mætti þá halda honum í því horfi sem hann er í núna, með mörgum bilum og væru þá mismunandi sýningar í hverju bili sem Byggðasafnið hefði yfir að ráða. Rétt væri þó að skoða fyirkomulag Miklagarðs, með því tilliti hvort aðalstarfsstöð safnvarðar ætti þá að vera þar eða á því svæði, svo einhver gæti vaktað sýninguna þegar hún er opin. Gengið verði frá geymslunni í Álaleiru, að við fáum aðgang að hinum helmingi rýmisins, svo hægt verði koma helst öllum gripum safnsins undir eitt þak, og verða þá vonandi þar með taldir stórir gripir eins og bílar og landbúnaðartæki sem nú eru geymdir á mörgum mismunandi stöðum. Safnvörður hefur ýmsum verkefnum að sinna og eins og ástandið er á safninu í dag ætti að vera hægt að skrá safnkostinn. En vegna fjölda annarra verkefna, virðist skráningin oftar en ekki sitja á hakanum. Önnur verkefni geta verið að sinna afleysingum í öðrum einingum Menningarmiðstöðvarinnar, eða hjálp við aðrar safnaeiningar, eins og uppsetning á sýningum eða heimildaleit. Auk þessa þurfa söfn að sinna miðlun, og hefur Byggðasafnið fengið styrki til að sinna tímabundnum verkefnum sem koma að því að fræða fólk á svæðinu um safnkost og sögu svæðisins. Eins og gefur að skilja verður því oft líttíl tími aflögu til að sinna forvörlu og skráningu í geymslum, sem er þó stórt verkefni sem verður að sinna betur. Því telur safnvörður mikilvægt að hægt væri að bæta við öðrum starfsmanni á safnið. Það myndi strax muna miklu. Ef ætlunin er að koma á fót jöklasýningu á vegum Sveitarfélagsins, þyrfti að skoða þá röksemd að skilja að Byggðasafn og Náttúrugripasafn. Væru þá a.m.k. tveir starfsmenn eða safnverðir sem hvor um sig bæri ábyrgð á svitthvoru sýningaráminu og sitthvorum safnkostinum. En mikilvægast hlýtur þó að vera að snúa við þeim orðrómi að safninu hafi verið hent, og væri best að gera það með því að opna safnið.

### Héraðskjalasafn:

Helstu verkefni varðandi Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu eru að koma safninu í gott lag og að sjá til þess að rekstur þess samræmist lögum um opinber skjalasöfn. Í *Skýrslu um starfsemi Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu, niðurstöður eftirlitskönunar þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna 2017*, kemur starfsemi safnsins illa út. Þess má geta að skýrslan verður birt á vefsíðu Þjóðskjalasafns Íslands.

Mikilvægt er að ljúka vinnu við stefnumótun Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu en lög um opinber skjalasöfn [Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn](#) kveða á um hlutverk og starfsemi safnsins. Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörlu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa er skjalavarsla sveitarfélaga jafnframt bundin af [reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn](#). Héraðsskjalasöfn fara með hlutverk Þjóðskjalasafns gagnvart þeim sveitarfélögum sem undir þau heyra, að undanskyldu setningu reglna og ákvörðun um eyðingu skjala sem Þjóðskjalasafn hefur eingöngu með að gera.

[Upplýsingalög nr. 140/2012](#) og [stjórnsýslulög nr. 37/1993](#) hafa jafnframt áhrif á skjalavörlu stjórnvalda en þau kveða m.a. á um aðgengi að skjölum. Þá má einnig nefna að

[Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga](#) geta haft áhrif á myndun og meðhöndlun opinberra skjala, sem og ný persónuverndarlöggjöf sem tekur gildi 2018.

Vegna innleiðingar nýrrar persónuverdarlöggsjafar þarf Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu að ljúka vinnu við persónuverndarstefnu en söfnin eru sjálfstæð að lögum og verða í ljósi þess að vera með sjálfstæða persónuverndarstefnu. Með breyttu lagaumhverfi skilaskyldra aðila hefur afhendingum til safnsins fjölgæð verulega og enn eiga margir aðilar eftir að skila skjalasöfnum sínum. Auk þess eru um 30 ár síðan fyrsta skjalasafnið var formlega opnað en afhendingarskyld skjöl skal afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldrí. Því má búast við að skjalageymslur safnsins fyllist á næsta ári.

Benda má á að ekki er starfandi héraðsskjalavörður við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu en um starf hans er skýrt kveðið í lögum um opinber skjalasöfn.

Búnaður sem héraðsskjalasafninu vantar eru meðal annars kortaskúffur og fleiri hillur í skjalageymslu, ljósmyndabúnaður og aðstaða til að mynda skjöl og bækur safnsins, lessalur og aðstaða fyrir gesti safnsins með tölvu og vinnuaðstöðu fyrir fræðimenn.

#### **Listasafn:**

Auka þarf starfshlutfall á safninu, annaðhvort þá að búa til tvö 50 % starfshlutföll, eða eitt 100 % og halda hinu í 50 %. Listasafnið er eina opna safnið á vegum bæjarins og það þarf að efla. Fyrsti liðurinn í því er að auka við starfsmannahlutfallið, ekki er hægt að reka metnaðarfullt safn á einungis 50 % starfshlutfalli. Í safninu eru mikil sóknarfæri. Á síðasta ári voru þjár stórar sýningar auk fjölda sýninga í fremra rýminu einnig var þar barnastarf og tónleikar haldnir í safninu.

Það þarf að kynna og merkja safnið. Gerð var safngestakönnun sumarið 2017, þar kom í ljós að 80 % gestanna rataði inn á safnið af tilviljun. Þetta þarf að bæta og sýnir augljós sóknarfæri í að kynna betur þennan hluta hornfirskrar menningar. Það þarf að merkja safnið að utan og annars staðar í bænum með t.d. stöðluðum alþjóðlegum listasafnamerkjum. Auk þess væri gott að koma upp festingum á klæðningu fyrir segl sem sýnir hvaða sýning er í gangi hverju sinni - sem yrði þá skipt út þrisvar á ári þegar skipt er um sýningu í aðalsal.

Það þarf að búa til heimasíðu fyrir Svavarssafn. Fyrir þessháttar vinnu er hægt að sækja um styrki. Því er einungis verið að falast eftir samþykki fyrir því að mega gera þetta. Flest listasöfn sem heyra undir bæi eiga sér sínar síður t.d. Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Árnesinga og Listasafn Einars Jónssonar. Ótækt er að vera með slíka síðu undir bæjarléninu þar sem það hentar afar illa upp á að markaðsetja og kynna safnið með slóð eins og [hornafjorður.is/menningarmiðstod/listasafn](http://hornafjorður.is/menningarmiðstod/listasafn). Safnið þarf sér síðu svavarssafn.is þar er hægt að kynna listamenn og sýningar. Safna heimildum og sinna því fræðslustarfi sem safninu ber að sinna á netinu.

Það þarf að skrá safneignina á Sarpinn og nota þá um leið tækifærið og yfirfara skrásett verk. Við erum hvort er eð að borga fyrir Sarpinn. Á þennan hátt er alltaf hægt að nálgast safneignina í gegnum netið og geta því bæjarbúar líka flett í gegnum hana og séð þennan menningararf. Þetta er þó ómögulegt nema auka starfshlutfall hjá safninu.

Það þarf að fara yfir verkin sem eru enn í geymslu í Listasafni Íslands og skoða það að flytja þau í geymslurnar okkar. Til þess þarf að setja upp betri geymslu fyrir pappír þar sem þetta

eru mikið til skissur á pappír. Skrásetja þarf betur þessar myndir og mynda. Þetta er mikill auður sem gott er fyrir okkur að hafa aðgang að.

#### Rannsóknarsvið:

Þörf er á bifreið til afnota fyrir Starfsmenn Menningarmiðstöðvarinnar. Minjaskráningin byggist á vettvangsferðum um sveitir sýslunnar og eru því frumskilyrði að hafa bíl til umráða. Bifreiðin myndi nýtast öllum deildum stofnunarinnar. Flestir starfsmenn þurfa að erinda í hverri viku, m.a. til funda, að flytja verk og muni milli húsa og hafa í mjög mörgum tilfellum notað sína einkabíla til slíkra verkefna.

Þörf er á sér drifi fyrir gögn rannsóknarsviðs Menningarmiðstöðvarinnar. Markmið rannsóknasviðsins er að safna gögnum fyrir gagnagrunn minjaskráningar, bæði landfræðilegum gögnum og ljósmyndum. Slík gögn útheimta mikið tölvu-geymslurými og þurfa að vistast á stað þar sem þau eru afrituð reglulega á öruggan hátt. Nú þegar hefur verið safnað rúmum 70 GB af gögnum og er einungis hluti þeirra vistaður á sameiginlega drifi Menningarmiðstöðvarinnar. Slíkt drif gæti verið aðgengilegt skipulagssviði sveitarfélagsins með stýrðum aðgangi.

#### Bókasafn:

Aukin fjárveiting til bókakaupa. Grisjum bókakosts og frágangur á efni sem geymt er á bak við í geymslu. Aðstaða bókavarðar til plöstunar og frágangsvinnu væri þá flutt á bakvið og móttakan væri þá einungis afgreiðsluaðstaða og móttaka bóka. Stefnt er að því að auka innkaup á bókum fyrir nýbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið Höfn er fjölmenningar sveitarfélga og er 20% íbúa þess aðfluttir einstaklingar. Þörf er á stað þar sem fjölmenningin getur komið saman og notið aðgengis að efni sem er á móðurmáli hvers og eins. Ekki er búist við að efnið verði yfirgripsmikið en leitast verður eftir að hafa kostinn fræðandi og einnig til yndislesturs.



Viðauki II



# Söfnunarstefna Menningarmiðstöðvarinnar

## 1. Söfnunarflokkar.

Þótt söfnin eigi að halda utan um menningararf og munafþoru viðkomandi byggða og héraða er útilokað að þau geti geymt allt úr öllum flokkum safnmuna og því verður að afmarka söfnunina. Söfnun úr öðrum flokkum getur verið nauðsynleg í undantekningartilvikum, eftir því sem rannsóknir og/eða sýningar krefjast, annars er bent á önnur söfn. [\*í tilfelli Menningarmiðstöðvarinnar er um vísinda- og björgunarleiðangra að ræða í ákveðnum tilfellum]

Megin söfnunarflokkar Menningarmiðstöðvarinnar eru þrír: undirflokkka þeirra eru sem hér segir:

Sjávarhættir	Landbúnaður	Samgöngur	Skjalavarsla
Samgöngumáti til sjós og vatna, strönd Veiðarfæri og aðrir gripir er tilheyra sjávarútvegi og vinnslu í landi	Búskapur Heimilishald Híbýlahættir Heimilisiðnaður Fjölskylduhættir	Reiðtygi, klyfjareiðskapur, sleðar, skíði og skautar og allir gripir sem tengjast ferðalögum á landi fyrir véla- og bílaöld, fótgangandi og á hestum*	Skjöl, pappírar og bækur. Útgefið efni, ljósmyndir, filmur og kvíkmyndað efni. Efni sem fellur undir skjalavörslu sveitarfélagsins.

### 1.1 Sjávarhættir, landbúnaður og samgöngur

Langflestir munir safnsins tengjast sjávarútvegi og landbúnaði. Vélar sem tengjast þeim eftir miðja 20. öld verða ekki teknar til varðveislu nema þær tilheyri heildum sem vistaðar eru og ef þær teljast einkennandi fyrir héraðið. Lögð er áhersla á veiðarfæri sem notuð voru til sjós, í ám og vötnum, sem og við dýra- og fuglaveiði. Söfnun er á fiskveiðarfærum og bátum sem koma úr héraði, öðrum slíkum gripum verður bent á Síldarminjasafnið á Siglufirði.

### 1.2 Heimilishald.

Sem fyrr er lögð áhersla á að safna munum sem tilheyra heildum, en einnig er safnað öllu sem varpar ljósi á aðbúnað í torfbæjum og híbýlum fram á 20. öld. Lítill áhersla er lögð á að safna fatnaði í stórum stíl, einungis til að hafa sem dæmi um klæðnað fólks við hin ýmsu tækifæri, svo sem vinnu við bústörf og á verkstæðum og klæðnaði er tengist uppsetningu sýninga hverju sinni. Á næstu árum verður lögð áhersla á að afla muna og annarra heimilda um upphaf og þróun búskaparháttar í Hornafirði frá upphafi fram á síðmiðaldir.

### 1.3 Búskaparhættir.

Verkfæri, tól og tæki sem notuð voru til landbúnaðarverka frá fyrstu tíða fram til landbúnaðarbyltingar. (Sjá inngang varðandi tæknibyltingu í landbúnaði).

#### 1.4 Híbýlahættir.

Safnað er innastokksmunum og upplýsingum um hús og húsagerð í Hornafirði, sem fyrr með áherslu á muni og aðrar heimildir sem tengjast torf- og grjóthleðslu og smíðum torfbygginga. Lögð verður áhersla á húsagerðir, byggingarefni og innbú fyrri alda.

#### 1.5 Heimilisiðnaður.

Safnað er tækjum og tónum sem tengjast tóskap, útskurði og heimilisiðnaði, ef um heildir er að ræða. Safnað er útskornum gripum, gull- og silfurmiðum og verkfærum sem tilheyra þeirri iðju. Textíl sem tengjast sérstökum viðfangsefnum (t.d. heimilum, sem gera á skil í sérstakri sýningu) er safnað, þó ekki í stórum stíl.

#### 1.6 Fjölskylduhættir.

Safnað er munum sem tengjast tyllidögum og tímatali, lifnaðarháttum í torfbæjum og varpa ljósi á húsbúnað og áhrif tísku í híbýlum manna fram undir 1960.

#### 1.7 Samgöngur.

Reiðtygi, klyfjareiðskapur, sleðar, skíði og skautar og allir gripir sem tengjast ferðalögum á landi fyrir véla- og bílaöld, fótgangandi og á hestum, eru áhugaverðir fyrir safnið. Áhersla er lögð á að safna reiðverum og öðru er tengist notkun hesta og hvernig fólk útbjó sig til ferðalaga. Engin áform eru um að safna bílum, flugvélum eða skipum og póst- og símaminjum frá 20. öld er vísað til annarra safna (nema ef um er að ræða sérstöðu í héraði og eitthvað einstakt).

#### 1.8 Verslun og viðskipti.

Safnað er öllu því er lýtur að vinnuskiptum/skiptiverslun, ritaðar sem óritaðar heimildir. Tekin hefur verið til aðlögunar og seinni tíma ákvörðunar lítil verslunarheild sem byggt verður upp í framtíðinni (2017) með upphaf byggðar á Höfn í forgrunni.

#### 1.9 Iðnaður til sjós og lands.

Tekið er við munum sem tengjast heildum þar sem hægt er að sjá hvernig menn höguðu smíðum í heimahúsum og á iðnaðarverkstæðum á upphafsárum iðnvæðingarinnar og sem brúa bilið frá handverkfærum til vélvæðingar. t.d. eru geymd í heilu lagi, tré-, járn- og úrsmíðaversktæði (sem tilheyra þessum tíma, nema með undantekningu). Engu er safnað sem flokkast undir verksmiðjuframleiðslu og munum vísað til Iðnaðarsafnsins á Akureyri. Sjóminjar úr héraði eru varðveittar og er rík áhersla lögð á sögu útgerðar og útræðis fyrri tíma og þróun sjávarútvegs á 20.öld og sjávarnytja. Sem áður er brýnt að nefna að fjöldaframleidd tæki eru ekki geymd, heldur þau sem eiga sérstöðu innan héraðs, öðru er vísað á Síldarminjasafnsins á Siglufirði.

## 1.10 Félagssaga.

Munir sem þykja einkenna hornfirskt félagslíf eru áhugaverðir og safnað er alls kyns munum sem varpa ljósi á skemmtanir og tónlistarflutning í heimahúsum og dans- og sönglíf í héraðinu.

## 1.11. Skjalavarsla.

Ritaðar sem og óritaðar heimildir í mynd eða hljóðformi, skjalavarsla sveitarfélagsins sem og einkasöfn.

## 2. Söfnunaraðferðir.

Safnið tekur á móti munum sem því eru gefnir og auglýsir eftir vissum efnisflokkum eða gripum þegar sérstök ástæða þykir. Söfnin munu einnig safna munum markvisst eftir öðrum leiðum og kaupa muni í undantekningartilfellum að fengnu samþykki stjórnar. Safnið safnar einnig munnlegum heimildum og stuðlar að varðveislu þeirra og miðlun.

## 3. Grisjun.

Það er heyrir til undantekningar ef safngrip, sem einu sinni hefur verið skráður í safnið, er fargað. Þá getur þurft að farga safngrip vegna skemmda, fölsunar, fjölda eintaka af sömu gerð eða vegna þess að gripurinn samræmist ekki söfnunarstefnu safnsins eða telst ekki varðveisluhæfur. Gripurinn kann líka að vera betur kominn í öðru safni. Í slíkum tilfellum skal ávallt leita ráðlegginga fagfólks, t.d. hjá Þjóðminjasafni Íslands. Ákvarðanir um förgun eða langtímalán skulu samþykktar af stjórn safnsins.

## 4. Móttaka gripa.

Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af starfsmanni safnsins og þeim er afhendir. Þegar tekið er við grip skal hann hreinsaður, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Nauðsynlegt er að hafa í huga mikilvægi forvörslu og er vafaatriði koma upp um snyrtingu eða lagfæringu á safngrip er rétt að safnvörður ráðfæri sig við forverði Þjóðminjasafnsins. Safnið mun ekki taka til varðveislu gripi sem það getur ekki varðveitt. Safninu ber þá að koma gripnum fyrir á öruggum stað og gera skriflegt samkomulag um varðveislu annars staðar, þangað til það getur tekið gripinn í vörlu sína.

# Viðauki III





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Austurvegi 56  
800 Selfossi

Sölvhóllgötu 4 - 101 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postac@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 6. apríl 2018  
Tilv.: MMR15030006/12.0-

Með samningi um sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem undirritaður var 10. febrúar 2015 fylgdi viðauki um önnur framlög sem mennta- og menningarmálaráðuneyti skv. 12. gr. samningsins felur Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið fer hér með þess á leit að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga geri samning fyrir árið 2018 við menningarmiðstöð Hornafjarðar og hafi umsýslu og beri ábyrgð á honum.

Ráðuneytið hefur falið bókhaldsdeild ráðuneytisins greiðslu framlagsins sem árið 2018 nemur samtals 5 m.kr. 80% styrkupphæðar greiðist í framhaldi af útgáfu þessa bréfs. Eftirstöðvar greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess.

Fyrir hönd ráðherra

*Karita Guðmarsdóttir* *Marta Guðrún Skúladóttir*  
Karitas H. Guðmarsdóttir Marta Guðrún Skúladóttir

Viðauki við  
samning milli  
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga,  
Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn  
og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kt. 480775-0159, Menningarmiðstöð Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn kt. 550992-2489 og sveitarfélagið Hornafjörður kt. 590169-4639 gera með sér svofelldan

**viðauka við**

**samning sömu aðila frá 4. desember 2015**

**um Menningarmiðstöð Hornafjarðar**

Á grunni viðauka I í samningi um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem undirritaður var 10. febrúar 2015 af mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formanni SASS, leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Menningarmiðstöð Hornafjarðar árlega til kr. 3,6 milljónir árin 2015-2019.

Samkvæmt bréfi mennta og menningarmálaráðuneytisins dags. 6. apríl 2018, sbr. tilv.: 15030006/12.0, skal sá styrkur fyrir árið 2018 vera samtals 5,0 m.kr.

Samtals 4 m.kr. eða 80% greiðast á árinu 2018 og eftirstöðvar 1 m.kr. greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess.

Höfn/Selfossi, 24. ágúst 2018

f.h.

Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Bjarni Guðmundsson

f.h. Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Eyrnir H. Þorvaldsdóttir

f.h. sveitarfélags Hornafjarðar

Þóra Björnsdóttir

Vitundarvottar:

Byndið Barnason kt. 1706645159

Gosur Gíslason kt. 0304882969

Viðauki ||||



## Petta vilja börnin sjá! er farin á flakk



Ragna Gestsdóttir  
Miðvikudaginn 4. júlí 2018 19:00



**RV skrifstofuvöru-tilboð**

24/7  
RV.IS

STAPLES  
MILAN

Sjáðu allt úrvalið okkar í skrifstofuvörum RV.IS

180 kr.  
138 kr.

Janúar 2019

Farandssýningin Petta vilja börnin sjá! er komin til Hafnar í Hornafirði og verður þar til 15. júlí.

Á sýningunni gefur að líta myndskreytingar 14 íslenskra myndlistarmanna við samtals 17 barnabækur sem komu út á árinu 2017, ásamt bókunum sjálfum. Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar. Þarfir barna eru sérstaklega hafðar í huga við uppsetningu sýningarinnar, enda ljóst að viðfangsefni hennar er ætlað börnum frá byrjun.

Sýnendur: Áslaug Jónsdóttir • Bergrún Íris Sævarsdóttir • Brian Pilkington • Böðvar Leós • Ellisif Malmo Bjarnadóttir • Freydís Kristjánsdóttir • Halla Sólveig Þorgeirsdóttir • Högni Sigurbörsson • Íris Auður Jónsdóttir • Kristín Ragna Gunnarsdóttir • Logi Jes Kristjánsson • Ragnheiður Gestsdóttir • Rán Flygenring • Sigrún Eldjárn

Sýningin er opin gestum og gangandi á opnunartíma bókasafnsins, virka daga kl. 10-16.

Birt mánudaginn 4. júlí 2018

<http://www.dv.is/fokus/menning/2018/07/04/thetta-vilja-bornin-sja-er-farin-flakk/>





Viðauki V

## Fjárhagsáætlun 2018

LYKILL	TEXTI	Rekstur	Millifærsla	Samtals	ÁBM
<b>MENNINGARMÁLANEFND</b>					
0501	1610 Nefndarlaun	913.319		913.319	ÓIB
0501	1800 Launatengd gjöld	143.932		143.932	ÓIB
0501	4180 Bifreidastyrkur	3.608		3.608	
0501	9990 Annar kostnaður	100.000		100.000	ÓIB
	* MENNINGARMÁLANEFND	1.160.859		1.160.859	
<b>Menningarmiðstöð</b>					
0531	0340 Leigutekjur				EHÆ
0531	0510 Seldar vörur	-20.000		-20.000	EHÆ
0531	0511 Skaffellingur sala	-1.200.000		-1.200.000	EHÆ
0531	0550 Seld þjónusta	-1.200.000		-1.200.000	EHÆ
0531	0570 Afnotagjöld	-200.000		-200.000	EHÆ
0531	0860 Styrkir	-5.000.000		-5.000.000	EHÆ
0531	0890 Aðrar tekjur	-50.000		-50.000	EHÆ
0531	1110 Mánaðarlaun	34.182.809		34.182.809	EHÆ
0531	1800 Launatengd gjöld	8.117.972		8.117.972	EHÆ
0531	1960 Kaffistofa	300.000		300.000	EHÆ
0531	1980 Annar starfsmannakostnaður				EHÆ
0531	2030 Ritföng, bréfabindi og forvörlutengdar vörur	400.000		400.000	EHÆ
0531	2040 Ljósritunarpappir	50.000		50.000	EHÆ
0531	2070 Bækur á bókasafn	2.000.000		2.000.000	EHÆ
0531	2080 Tóner	50.000		50.000	EHÆ
0531	2180 Hreinlætisvörur	30.000		30.000	EHÆ
0531	2531 Endursöluvörur	300.000		300.000	EHÆ
0531	4010 Prentun, fjörlitun, ljósritun	300.000		300.000	EHÆ
0531	4020 Áskrift af netþjónustu	1.700.000		1.700.000	EHÆ
0531	4030 Simi	600.000		600.000	EHÆ
0531	4050 Burðagjöld	200.000		200.000	EHÆ
0531	4070 Auglýsingar	370.000		370.000	EHÆ
0531	4080 Skaffellingur prentun	800.000		800.000	EHÆ
0531	4120 Akstur og flutningar	160.000		160.000	EHÆ
0531	4180 Bifreidastyrkir				EHÆ
0531	4240 Fargjöld og dvalarkostnaður	500.000		500.000	EHÆ
0531	4270 Námskeið	300.000		300.000	EHÆ
0531	4340 Sérfræðipjónusta	300.000		300.000	EHÆ
0531	4381 Fornleifar og forvarsla	300.000		300.000	EHÆ
0531	4390 Tölvupjónusta	1.100.000		1.100.000	EHÆ
0531	4430 Reiknuð húsaleiga m.v. reglur bókhaldsn.		10.910.000	10.910.000	EHÆ
0531	4450 Vélavinna áhaldahús				EHÆ
0531	4510 Raflagnithli	1.350.000		1.350.000	EHÆ
0531	4620 Viðhald húsa	100.000		100.000	EHÆ
0531	4660 Viðhald áhaldar og tækja	100.000		100.000	EHÆ
0531	4700 Vátryggingar	295.000		295.000	EHÆ
0531	4780 Tryggingar á bíum	50.000		50.000	EHÆ
0531	4960 Þvottur og hreinsun efna	80.000		80.000	EHÆ
0531	4990 Aðkeypt vinna og þjónusta	430.000		430.000	EHÆ
0531	6130 Daglaunavinna				EHÆ
0531	6620 Páttaka í rekstri Nýheima	2.600.000		2.600.000	EHÆ
0531	9990 Annar kostnaður	450.000		450.000	EHÆ
0531	8510 Áhald, leikteki og kennslutæki	600.000		600.000	EHÆ
	* Menningarmiðstöð	50.445.781	10.910.000	61.355.781	
<b>Söguritun</b>					
0541	0520 Sölutekjur m. vsk				
	* Söguritun				
<b>LISTIR OG SÝNINGAR</b>					
0551	9250 Sýningal/Hólmur/skreiðarsk/Huldusteinn og fl	2.500.000		2.500.000	EHÆ
LYKILL	TEXTI	Rekstur	Millifærsla	Samtals	ÁBM
	* LISTIR OG SÝNINGAR	2.500.000		2.500.000	
<b>HÁTİDAHÖLD</b>					
0570	4990 Aðkeypt þjónusta	4.000.000		4.000.000	ÓIB
	* HÁTİDAHÖLD	4.000.000		4.000.000	
<b>LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR</b>					
0581	9250 Styrkir til menningarmála	2.600.000		2.600.000	EHÆ
	* LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR	2.600.000		2.600.000	